

Krafa um viðbrögð

Bls. 3

Stórkostlegir dagar

Bls. 10

Atli tekur upp rauðar

Bls. 20

Einn af hundrað bestu

Bls. 30

Gullbrúin

Bls. 34

Verðkönnun á tómstundum barna

Bls. 49



NJÓTUM NÁTTÚRUNNAR



*Sýnum henni
þá virðingu
sem hún verðskuldar.*

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Útgefandi:

Efling-stéttarfélag
Sæturni 1

Ábyrgðarmaður

Sigurður Bessason

Ritstjóri

Þráinn Hallgrímsson

Blaðamenn

Sigrún Hafstein
Róbert Ágústsson

Ritstjórn

Guðmundur Þ. Jónsson
Sigurður Bessason
Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Starfsmenn á skrifstofu

Fjóla Jónsdóttir
Garðar Vilhjálmsson
Guðmundur Þ. Jónsson
Guðrún Kr. Óladóttir
Hildur Kjartansdóttir
Hjálmfríður Þórðardóttir
Hjördis Baldursdóttir
Hjördis Þorsteinsdóttir
Hulda Hafsteinsdóttir
Ingunn Þorsteinsdóttir
Kristín Margrét Sigurðardóttir
Kristjana Valgeirsdóttir
Sigurður Bessason
Sigurlaug Gröndal
Sveinn Ingvason
Tryggvi Marteinsson
Viktória Jensdóttir
Þórdís Andriksdóttir
Þórir Guðjónsson
Þórunn Sveinbjörnsdóttir
Þráinn Hallgrímsson

Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta

Björk Stefánsdóttir
Elin Baldursdóttir
Hallsteinn Friðbjósson

Starfsafl

Marianna Traustadóttir

Útlit og umbrot

Einn, tveir og þrír, auglýsingastofa

Prentun og bókband

Oddi hf.

Auglýsingar

Hænisírf

Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson

Forsíðumynd:

Sigrún M. Gunnarsdóttir, 6 ára

Aðsetur

Efling-stéttarfélag
Sæturni 1
sími 510 7500/fax 510 7501

Úthlutunarnefnd

Útborgun atvinnuleysisbóta er annan hvern fimmtu-
dag. Atvinnuleysisbætur eru greiddar inn á bankareikn-
ing viðkomandi.
Sími úthlutunarnefndar er 510 7510
myndsending: 510 7511

Krafa um viðbrögð

Allt síðastliðið ár hafa stjórnvöld hamrað á því að ekkert væri að í efnahagsmálum. Hækkandi verðlag og verðbólga væri tímabundið ástand. Tímabundið gengi sé háð aðstæðum og muni rétta sig af.

Seðlabankinn hefur nú viðurkennt að vafi sé á að þau viðmiðunarmörk sem bankinn hafi sett sér muni halda. Á meðan sígur gengið. Á meðan hækka vörur til almennings. Við bætist nú svört skýrsla Hafrannsóknarstofnunar. Á grundvelli hennar hefur ráðherra tekið ákvarðanir um afla fyrir næsta ár. Í stað þess að sjá fram á aukinn þorskafla verður heildaraflinn aðeins 190 þúsund tonn og sú tilfinning situr eftir hjá öllum almenningi að ekkert sé að marka það fiskveiðistjórnunarkerfi sem við höfum búið við.

Fyrirséð er að minnkandi þorskafla hefur mjög neikvæð áhrif á sjávarútveginn og atvinnu fólks um allt land.

Það vekur því furðu hver viðbrögð ráðamanna eru. Því eru í alvöru haldið fram að menn þurfi ekki að hafa neinar áhyggjur því fallandi gengi þýði fleiri krónur fyrir hvert kíló af fiski sem seldur er til útlanda. Við fáum jafnvel fleiri krónur fyrir minna magn af fiski en áður. Fyrirtækjunum er bjargað eða hvað? Skiptir kannski engu máli að skuldir þessara fyrirtækja vaxa í fallandi gengi.

Hvað með allan almenning? Hvað með allar kostnaðarhækkanir sem dynja yfir almenning vegna lækkandi gengis?

Efling-stéttarfélag gerir þá kröfu til stjórnvalda að brugðist verði hratt við þeirri stöðu sem blasir við. Félagið varar við því ábyrgðarleysi að láta tímabundnar gengisbreytingar velta beint út í verðlagið. Slíkar ákvarðanir rýra kjör launafólks og heimilanna í landinu. Sá gamli hugsunarháttur að fyrirtækin reyni að bjarga hagsmunum sínum með því að velta hækkunum út í verðlagið, endar með því að þjóðfélagið læsist á ný inn í vítahring verðbólgunnar.

Efling krefst þess að fyrirtæki og stjórnvöld sýni sömu ábyrgð og launafólk hefur sýnt. Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði hvíla á þeirri forsendu að verðbólga fari lækkandi. Það er sameiginlegt hagsmunamál allra aðila, jafnt fyrirtækja launafólks og stjórnvalda, að markmið samninganna um stöðugleika í efnahagsmálum nái fram að ganga. Ef stjórnvöld og atvinnurekendur sýna ábyrgðarleysi gagnvart verðhækkunum og gæta ekki aðhalds munu þau uppskera vaxandi upplausn í efnahagsmálum sem bitnar á öllum landsmönnum.

Sigurður Bessason

EFNISYFIRLIT

Atvinnuleysi	5	Einn af hundrað bestu	30
Toppar allt	6	Heimsókn í Össur	36
Stórkostlegir dagar	10	Sjúkrasjóður-samanburður	38
Deildaskipting	12	Yndislegt að veita	42
Örtrefjar og ræsting	14	Ábyrgð í verðlagsmálum	46
Handagangur í óskjunni	16	Vangreidd laun	47
Ferð í Hvanngil	18	Mikill verðmunur	49
Tekur upp rauðar	20	Garðyrkjudældin heimsótt	54
Annriki	24	Ánægja með starfsandann	58



Efling var áberandi í göngunni eins og jafnan

Fjölmenni 1.maí

Nær níu hunduð sóttu opið hús Eflingar

Fjölmenni var í kröfugöngu og á baráttufundi verkafélssamtakanna í Reykjavík 1. maí þrátt fyrir fremur risjótt veður. Dagurinn var hefðbundinn með göngu, ræðuhöldum og söng. Ræðumenn dagsins voru Guðmundur Gunnarsson og Ögmundur Jónasson en fundarstjóri var Þórunn Sveinbjörnsdóttir. Ólafur Kjartan Sigurðarson söng við píanóleik Jónasar Ingimundarsonar og Gítar Islancio lék íslensk þjóðlög. Í lok fundarins sungu fundarmenn svo að sjálf-sögðu nallann.

Áð fundi loknum var opið hús hjá Eflingu-séttarfélagi í veitingahúsinu Engjategi 11 og var þar fjölmenni. Þangað komu um 870 manns. Veitingar voru veglegar og gómsætar og harmonikusnillingurinn Reynir Jónasson spilaði fyrir kaffigesti eins og honum einum er

lagið. Verður ekki annað sagt en að dagurinn hafi tekist í alla staði vel.



Það leyndi sér ekki að fólk bjó sig undir íslenskt veður – þær Jóna Jónsdóttir, Ingunn Þorsteinsdóttir og Rannveig Einarsdóttir mættar til leiks – vel dúðaðar.

Atvinnuleyfi og umsagnarréttur stéttarféлага

Efling vekur athygli á brotum atvinnurekenda



Karl Ó Karlsson lögmaður aðstoðar hér útlendinga í viðtali á skrifstofu Eflingar.

Ekkert stéttarfélag á landinu er með eins marga erlenda félagsmenn og Efling-stéttarfélag enda tilheyra félaginu þær starfsgreinar sem að mest hafa sótt í að fá erlent vinnuafli. Fiskvinna, byggingastarfsemi, iðnaður, veitingarekstur og sjúkrahúsin.

Fjöldi umsagna hefur stigið með hverju ári. Árið 1999 voru umsagnir félagsins rúmlega 900 en sl.ári var fjallað um 1686 mál og þar af voru ný leyfi 946.

Verkalýðsfélögin hafa aðeins umsagnarrétt um atvinnuleyfi. Margir halda að félögin hafi það á sínu valdi að gefa út atvinnuleyfi en það er alls ekki svo. Hinsvegar meta félögin þörf vinnumarkaðsins fyrir erlent vinnuafli og það er í rauninni það hlutverk sem að felst í þessum umsagnarrétti. Efling-stéttarfélag hefur hinsvegar ávallt tekið sér miklu breiðara svið fyrir sínar umsagnir og gefur hiklaust viðkomandi stofnunum þ.e. Vinnumálastofnun og Útlendingaefitirliti upplýsingar um fyrirtæki sem að ekki er treystandi fyrir fólki. Það hefur borið góðan árangur. Þess má geta að allmörg fyrirtæki sem að á undanförunum mánuðum hafa

gerst alvarlega brotleg við lög og reglur fengu ekki til sín erlent verkafólk vegna þess að stéttarfélagið lagðist mjög eindregið gegn umsóknunum þeirra.

Því miður er mikið um að brotið sé á rétti erlendra félagsmanna okkar og það líður engin sú vika og tæpast dagur að það þurfi ekki að ganga í að rétta hlut manna og aðstoða þá á einn eða annan hátt. Nokkuð er um að kennitölufلاكkarar sem undir nýju nafni og yfirbragði hafa náð í erlenda starfsmenn kaupsvíki þá og hafi uppi ósæmilega framkomu. Fyrr eða síðar er slíkt tilkynnt til félagsins og hefur ávallt verið brugðist hart við. Vinnustaðurinn skoðaður, talað við starfsmennina. Túlkur er ævinlega hafður með ef þarf.

Við höfum vissulega áhyggjur af svo örri fjölgun sem hér er að verða af erlendu fólki. Húsnæði er nánast ekki til og atvinnuástand er fljótt að breytast til hins verra. Með fallandi gengi er ekki ástæða til bjartsýni. Það er hinsvegar föst stefna okkar að hlú vel að þeim sem eru komnir og gera okkar til þess að þeir njóti allra réttinda sem þeim ber.



Ótrúleg saga af vinnumarkaðnum

Toppar allt sem ég hef heyrt

-segir Tryggvi Marteinnsson

Það eru ýmsar ótrúlegar sögur sem berast af vinnumarkaðnum inn á skrifstofu Eflingar-stéttarfélags. Sumar þeirra eru lyginni líkastar. Eftirfarandi saga barst Tryggva Marteinnssyni á dögnum og lesendur geta lagt mat sitt á ástandið á sumum vinnustöðum út frá henni.

Það hringdi til mín frekar ungur maður heyrðist mér og var ekki annað að heyra en hann væri að segja satt og rétt frá, sagði hann.

Hann vinnur sem lagermaður og bílstjóri hjá fyrirtæki hér í borg, og hringdi til að spyrja hvort hann ætti að fá laun í veikindum.

Jú, jú. Það átti hann að fá, en þá spurði hann hvort hann ætti að bera allan kostnað af sendibíl sem fyrirtækið pantaði þegar hann væri veikur!!!

Þannig var að hann veiktist í þrjá daga og reikningurinn sem hann fékk var 56 þúsund krónur!

Ég spurði hann hvort hann væri að grínast. Nei, það var ekki. En honum þótti þetta miklir peningar að borga, en tók fram að fyrirtækið kræfi hann ekki um borgun straxþeir draga þetta bara af launinum við útborgun.

Ég hef alltaf borgað þetta en nú er reikningurinn óvenjuhár.

Ég spurði hann af hverju hann borgaði ekki rafmagnsreikninginn líka fyrir þá fyrst hann væri byrjaður á þessu.

Já, þú meinar það. Á ég sem sagt ekkert að borga, spurði þessi ungi maður og var greinilega létt en fannst það fullmikil frekja að fara fram á laun líka í veikindum.

Ég held að þessi toppi allt sem að maður hefur heyrt, sagði Tryggvi Marteinnsson starfsmaður Eflingar.

**Er trúnaðarmaður á
þínum vinnustað?**

**Hafðu samband við
skrifstofu Eflingar
sími 510 75 00**



Viltu eða viltu ekki 8 1/2 milljón?

Láttu tímann vinna með þér. Nú er rétta tækifærið til að hefja greiðslur í séreignarsjóð, fá 1,4% launahækkun og byrja að ávaxta hana strax! Mótframlag vinnuveitanda og ríkis í séreignarsjóð gegn 4% framlagi starfsmanns er nefnilega 1,4% og mun hækka í 2,4% frá 1. janúar 2002.

*Líttu á þetta dæmi sem er miðað við 100.000 króna laun,
greiðslur frá 25 ára aldri og 6% vexti:*

Heildar- mánaðarlaun	Framlag launþega	Framlag vinnuveitanda og ríkis	Alls greitt	Þar af framlag vinnuveitanda og ríkis	Inneign við 60 ára aldur
100.000	0%	0%	0%	0 kr.	0 kr.
100.000	2%	1,2%	3,2%	1.600.000 kr.	4.300.000 kr.
100.000	4%	1,4% – 2,4%*	6,4%	3.120.000 kr.	8.450.000 kr.

* Í janúar 2002 hækkar þetta framlag úr 1,4% í 2,4%

Viltu eða viltu ekki njóta lífsins á eftirlaunaárunum?

Hringdu í síma 515 4700 og fáðu nánari upplýsingar.



LÍFEYRISSJÓÐURINN FRAMSÝN

Sætúni 1, sími 515 4700, fax 515 4701,
heimasíða www.framsyn.is, netfang: mottaka@framsyn.is



Fjöldi manns kom á sýninguna til að skoða vandaða smíðagrip Diðriks.

Smíðin veitir mér mikla ánægju

- segir Diðrik Jónsson

Diðrik Jónsson 87 ára fyrrverandi sjómaður og verkamaður og félagi í Eflingu stéttarfélagi hélt nýlega sýningu í þjónustubúðum aldraðra á Dalbrautinni. Á sýningunni voru líkön af sexæringum sem hann hefur smíðað á síðustu fimm árum. Fjöldi manns sýndi smíðahlutum Diðriks mikla athygli og kom það honum skemmtilega á óvart en ljóst er að vel er vandað til smíðanna.


Það hafa alltaf verið haldnar hannyrðasýningar hér á vorin, sagði Diðrik þegar hann var spurður um aðdraganda sýningarinnar en núna var þátttakan þannig að Árný Sigurbjörnsdóttir sem leiðbeinir okkur í fönðurvinnunni stakk upp á því að slá upp sýningu á bátslíkönum sem ég hef verið að dunda mér við að smíða. Líkönin eru af alls sjö sexæringum sem var röið á Faxaflóasvæðinu áður en vélaöldin gekk í garð. Elsta líkanið er eftirlíking af bát sem ég

smíðaði ásamt félögum mínum og við rérum síðan á.

Það hefur tekið mislangan tíma að smíða hvern bát og hefur farið svolítið eftir heilsunni hverju sinni en þetta hefur veitt mér mikla ánægju. Árný á allan heiðurinn að uppsetningu sýningarinnar, segir hann, og hún fékk m.a. nokkra gripi lánaða hjá íbúum hér til að lífga upp á hana og þar á meðal fugla útskorna í tré af miklum hagleik.

Aðsóknin kom mér á óvart og það var alveg feikn af fólki sem skoðaði sýninguna og margir vildu fræðast um bátana og spjalla um liðna tíma, sagði Diðrik. Fréttablað Eflingar óskar honum til hamingju með vel heppnaða sýningu.

Smelltu á www.efling.is



Nú fæst Frissi fríski
með ananasbragði

frískandi og svalandi

FRIS
fríski





Eflingarhópurinn fyrir utan Hótel Europa í Ruhpolding.

Eflingarferð í Alpana – 2001

Stórkostlegir dagar

Fyrri Alpaferð Eflingar hófst laugardaginn 26. maí og kom hópurinn heim 2. júní.

Alls fóru 50 Eflingarfélagar og makar í ferðina og þótti hún takast í alla staði frábærlega.

Fyrst var flogið til Frankfurt og gíst í Darmstadt eina nótt. Þaðan var haldið til suðurþýska smábæjarins Ruhpolding og dvalið á Hótel Europa hjá ágætum íslenskum gestgjöfum í þrjár nætur. Hóтелиð er rekið af fimm hörkuduglegum og skemmtilegum konum, sem eiga uppruna sinn á Ísafirði. Ferðast var þarna um nágrennið og m.a. farið í Arnarhreiður Hitlers og höll hins brjálaða konungs Loðvíks II á Herraeyju í vatninu Chiemsee.

Frá Pýskalandi var ekið um Austurríki með góðri viðdvöld í Innsbruck til bæjarins Wangs í Sviss. Á Park Hotel var dvalið í tvær nætur,



Jón Laxdal með hópnum í Kaiserstuhl nærri Basel.



Útsýnið frá Arnarhreidri Hitlers var stórkostlegt.

og tíminn notaður til að skoða sig um, heim-sóttir gamlir bæir og farið með kláfi á tind Santis-fjalls. Einnig var farið til Lichtenstein og gengið um höfuðborgina Vaduz.

Næst lá leiðin um Zurich og Basel til Mulhouse í Frakklandi, en í leiðinni var skotist í stutta heimsókn til Jóns Laxdals og hið sér-stæða leikhús hans skoðað og hlustað á frásögn Jóns af tilurð og starfi þess. Kunnum við Jóni bestu þakkir fyrir móttökur. Eftir eina nótt í Frakklandi var svo ekið norður Rínarsléttuna og nokkrir áhugaverðir staðir skoðaðir. Síðla kvölds eftir stutta viðdvöl í Heidelberg var svo Gunnar bílstjóri kvaddur og flogið heim – beint í hvítasunnufrið.

Stórkostlegir dagar með kátum og skemmtilegum ferðafélögum, sagði Þuríður Ingimundardóttir annar umsjónarmaður ferðarinnar.



Hvað vantar?



Góð kaup á stundinni!

Hvaða leið er líklegust til árangurs?

Starfsgreinaleiðin

Starfsgreinaleiðin gerir ráð fyrir því að allir sem vinna sömu (eða svipuð) störf falli í sömu deild. Þannig myndu t.d. allir sem vinna við



Samkvæmt lögum Eflingar (16.gr.) skal deildarskipta félaginu og er það á verksviði stjórnar og trúnaðarráðs að skipta félaginu í deildir. Samkvæmt lögunum er deildum ætlað það hlutverk að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum starfsmanna í starfsgreinum, stuðla að fræðslu þeirra og fjalla um kjaramál fyrir starfsgreinar. Einnig er gert ráð fyrir því að deildir skipi fulltrúa í samninganefnd félagsins.

Umræðan um deildarskiptingu hefur nú staðið í á annað ár innan félagsins og voru m.a. haldnir fjórir fundir vorið 2000 um mögulega deildaskiptingu þar sem mismunandi leiðir að deildarskiptingu voru kynntar. Þær tvær leiðir sem helst eru til umræðu er að skipta annarsvegar eftir svokallaðri **starfsgreinaleið** en hinsvegar eftir svokallaðri **atvinnugreinaleið**.

ræstingar falla saman í eina deild (matvæla- og þjónustudeild), í sömu deild myndu allir falla sem störfuðu við matvælavinnslu hvort sem um væri að ræða störf við framleiðslu, þjónustu eða mótuneyti. Megin kosturinn við starfsgreinaskiptingu er að sjálfsögðu sú að allir sem vinna sambærileg störf væru saman í deild og gætu þannig gætt hagsmuna sinna gagnvart viðkomandi starfssviði. Gallinn hér er hinsvegar sá að með þessu móti skiptast starfsfélagar innan sama fyrirtækis oft á milli deilda í félaginu, þannig myndu allir sem vinna sem bílstjórar hjá matvælafyrirtæki falla í deild flutninga- og mannvirkjagerðar en aðrir sem vinna við framleiðslu matvæla falla í matvæladeild.

Atvinnugreinaskipting

Atvinnugreinaskipting gengur útá að allir starfsmenn innan sama fyrirtækis falli saman í deild óháð því verksviði sem viðkomandi starfar við. Þannig myndi fyrirtækið sem slíkt verða ákvarðandi um deildina óháð starfssviði. Kostur þessa skipulags er sá að með því má þróa áfram vinnustaðasamninga innan deildarinnar þar sem allir eru í sömu deild og hafa sömu kjaralegu hagsmuna að gæta. Á móti væri ekki hægt að nota deildarskiptinguna til

En e.t.v. má með einhverjum hætti ná þeim markmiðum sem hér hafa verið tilgreind með öðrum aðferðum en þeim að byggja upp viðbótar stjórnkerfi innan félagsins í kringum fjórar til fimm deildir.



þess að móta sameiginlega afstöðu gagnvart viðkomandi starfsgrein t.d. í vinnuverndar- og aðbúnaðarmálum eða menntamálum.

Kostir og gallar

Báðar þessar leiðir hafa því ýmislegt til síns ágætis og matsatriði hvað á að leggja áherslu á – hvaða umhverfi hentar Eflingarfélögum best. Á fyrrnefndum kynningarfundum síðastliðið vor var reynt að kasta fram drögum að einhverskonar samþættingu þessara tveggja leiða þar sem atvinnugreinar væru látnar ráða deildarskiptingu en starfsgreinar gætu unnið saman að sínum málum þvert á deildirnar. Þannig mætti nefna sem dæmi að bílstjóri hjá Vífilfell (Coca-cola) gæti verið í deild með sínu fyrirtæki (væntanlega matvæla- og þjónustudeild) og unnið þar að vinnustaðasamningi við Vífilfell með sínum starfsfélögum, síðan gæti hann unnið í faghópi eða starfsgreinahópi með öðrum bílstjórum sem kæmu úr öðrum deildum og sinnt þar aðbúnaðarmálum eða fræðslumálum fyrir bílstjóra almennt.

Það sem einnig hefur vafist fyrir mönnum í þessari umræðu er það skipulag sem skilgreint er í lögum um deildirnar. Grundvöllurinn að því að deildarskiptingin skili öflugra félagi og betra starfi er að hinn almenni félagsmaður sjái sér hag í því að vinna í viðkomandi deild –



hvort sem deildin væri á grundvelli starfsgreinarinnar eða vinnustaðarins. Skipulagið sem slíkt má ekki byrgja mönnum sýn við að ná góðum markmiðum og þeim árangri sem að er stefnt með deildarskiptingunni. En e.t.v. má með einhverjum hætti ná þeim markmiðum sem hér hafa verið tilgreind með öðrum aðferðum en þeim að byggja upp viðbótar stjórnkerfi innan félagsins í kringum fjórar til fimm deildir. Þetta þurfa félagsmenn að ræða og setja sér þau viðmið að nálgast sjálf markmið deildarskiptingarinnar (t.d. vinnustaðasamninga eða aukna umfjöllun um aðbúnaðar- og/eða menntamál) en láta umræðu um formið koma á eftir.

G.V.

Elding Hvalaskoðun og skemmtisiglingar



Elding er glæsilegt 125 tonna skemmtisiglingaskip, sem tekur allt að 100 manns.

Hvalaskoðunarferðir alla daga frá apríl-október kl. 10:30.



Tilvalið í starfsmannaferðir og aðrar skemmti- og veisluferðir.

Allur búnaður fyrir sjóstangaveiði, grill og bar um borð.



Elding hvalaskoðun
Sími: 692 4210 - 555 3565
Fax: 554 7420
www.islandia.is/elding
e-mail: elding@islandia.is

Er notkun örtrefja hættuleg ræstingafólki ?



Síðastliðinn vetur birtust nokkrar greinar í blöðum í Danmörku þar sem ofangreindri spurningu var kastað fram um notkun örtrefja eða sem einnig kallast „míkrófiber“. Í grein sem undirritaður rakst á var svarið við þessari spurningu svarað að einhverju leyti og hér á eftir eru helstu atriði greinarinnar.

Galdur örtrefja er stórt yfirborð

Nafnið „örtrefjar“ lýsir því hve þræðir efnisins eru ótrúlega þunnir en þvermál þeirra er aðeins um 1/1000 úr millimeter. Hráefnið sem þeir eru gerðir úr er plastefni sem er unnið úr hráolíu. Plastið er brætt og því síðan sprautað í gegnum örmjóa dýsu í langan og þunnan þráð sem í sumum tilvikum er klofinn enn frekar í framhaldinu. Þessi örþunni þráður er ofinn í efni sem hefur mjög mikið yfirborð en galdur-

inn er einmitt sá að stærð yfirborðsins ræður hve mikil óhreinindi trefjarnar geta borið og fjarlægt.

Hið mikla yfirborð er því helsti galdur örtrefja og frá því að efnið kom fram fyrir nokkrum árum hafa söluaðilar kannski verið helst til grimmir í að halda fram að það mætti nota örtrefjarnar til „allra þrifa“. Slík er ekki raunin.

Einn helsti kostur örtrefja er að þær eru mjög góðar til að fjarlægja fitug óhreinindi en um leið taka þær líka fitu úr húð ræstingarmanneskjunnar. Það þýðir að hendurnar verða á endanum mjög þurrar og grófar. Því er afar nauðsynlegt fyrir ræstingarfólk að nota alltaf hanska við þrif ef ræstingin er t.d. með örtrefja-klútum.

Hvar þarf að gæta varúðar með notkun örtrefja ?

Ýmislegt fleira ber að varast með notkun örtrefja samkvæmt greininni. Hvatt er til varkárni við notkun þeirra vegna þrifa á fitu- eða olíubornum flötum s.s. olíubornu trégólfi. Sama gildir yfirborð lakkaðra húsganga, sumar tegundir gólf- og bílalakka, nokkrar tegundir vinylgólfduka og jafnvel línóleumgólf en þau síðastnefndu innihalda línolíu ! Einnig er bent á að t.d. í tengslum við notkun gólfsápu, sem inniheldur viðhaldsefni, á lítið eða ekkert bónaða dúka væri óskynsamlegt að nota eingöngu míkrófiberáhöld til þrifa.

Fram kom í greininni að einu öruggu yfirborðin sem nota mæti örtrefja á væru þau sem væru harðari en örtrefjarnar sjálfar svo sem steinn og gler.

Ekki má skilja innihald línanna hér að ofan þannig að notkun örtrefja til ræstinga sé hættuleg eða óæskileg en ástæða er til að hvetja ræstingarfólk sem og aðra

til reglulegrar varkárni. Hvatt er til þess að allir hlutaðeigandi gæti varúðar og taki ekki sem sjálfsagt að besta lausnin við val á afþurrkunarklútum og

gólfmoppum sé alltaf örtrefjar. Skoða verði hvert tilvik og einnig er hvatt til skilyrðislausrar notkunar á hönskum þegar þessi ræstingaráhöld eru notuð reglulega.

Ari Þórðarson rekstrartækniþæðingur þýddi og endursagði. Hann rekur ráðgjafastofuna Ræsting og ráðgjöf sem sérhæfir sig í skipulagningu ræstingar fyrir ræstingarfólk, fyrir-tæki og stofnanir.

Ástæða er til að hvetja ræstingarfólk sem og aðra til reglulegrar varkárni og nota alltaf hanska við vinnuna



Gjaldeyrisleikurinn setur svip á friið!

Í sumar getur þú sannarlega haft heppnina með þér í gjaldeyrisleik Íslandsbanka og orðið einn af tíu fagnandi ferðalöngum sem skipta með sér **einni milljón kr.** Gerðu gjaldeyriskaupin spennandi með því að fylla út þátttökuseðil og e.t.v. verður nafnið þitt dregið úr lukkupottinum í september.





Sumarúthlutun orlofshúsa

-handagangur í öskjunni

Nú er úthlutun orlofshúsa hjá Eflingu að mestu lokið fyrir sumarið 2001 og má segja að flestar vikur hafi runnið út, reyndar voru mjög margar umsóknir um ásetnustu vikunnar, þ.e. frá síðustu viku júní og fram yfir verslunarmannahelgi. Ljóst er að á þeim tíma verða félagsmenn að hafa nánast fulla punktastöðu til að fá úthlutun en það er 284 punktar.

Um vinsælustu vikunnar í júlí voru jafnvel margir sem höfðu hæsta punktafjölda og réði þá lífaldur viðkomandi því hver hlaut úthlutun. Ljóst er að ávallt verður erfiðleikum bundið að verða við óskum allra með úthlutun, jafnvel félagsmenn með fjölda punkta geta lent í því að fá ekki úthlutun ef aðeins er sótt um hús á eftirstóttasta tímanum þegar jafnvel eru allt að 10 umsóknir um sama húsið. Þá getur verið betra að dreifa óskunum á lengri tíma! Álagið minnkar mjög í byrjun og enda orlofstímans.

Alls bárust 1270 umsóknir í ár og fengu 565 úthlutað samkvæmt óskum sínum. Eftir að greiðslufrestur rann út var ljóst að talsvert var um lausar vikur sem stóðu félagsmönnum til boða óháð punktastöðu, þá var aðeins notast

við fyrirkomulagið „fyrstur kemur, fyrstur fær“. Margir nýttu sér þann möguleika eins og meðfylgjandi mynd ber með sér, því alls voru tæplega 100 manns afgreiddir með hús fyrir hádegi 9. maí sl. Má svo sannarlega segja að þá hafi verið handagangur í öskjunni á skrifstofu félagsins!


Nú eru aðeins örfáar vikur lausar í tjaldvögnum og húsum í lok tímabilsins í endaðan ágúst.

Vert er að benda á að meira en helmingur félagsmanna Eflingar sem sóttu um hús yfir sumarið fær úthlutun samkvæmt óskum sínum. Það er hlutfall sem stenst vel samanburð hjá stéttarfélagunum almennt. Svo má ekki gleyma eldri félagsmönnum sem eru að fá sérstaka fyrirgreiðslu yfir vormánuðina og alla þá sem fá úthlutun utan hefðbundins orlofstíma.

Rétt er að benda á að á heimasíðu félagsins, www.efling.is er hægt að fá upplýsingar um laus hús frá degi til dags.

Smelltu á www.efling.is

B O R G A R N E S



HYRNU
torg



Stórmarkaður

í *hjarta* BORGARNES

Opið 9-19
Mán-Föstud.
Laugard.10-19
Sunnud.12-19



SPARISJÓÐUR

M Ý R A R S Ý S L U

Opið virka daga frá: 9:15-16:00

BORGARNES

Leiðandi í lágu lyfjaverði á Vesturlandi



APÓTKEK

Borgarbraut 21 - Borgarnesi
Sími: 437 1168
Bakvakt: 437 1180
www.simnet.is/apotek



Laufafell á Laufaleitum

Dagsferð - dagsferð!!!

Ferð í Hvanngil

Hin árlega dagsferð Eflingar-stéttarfélags verður farin 1.september n.k. Nú í ár er ferðinni heitið inn í Hvanngil á miðri leið um fjallabak syðra.

Ekið er um Fljótshlíð og inn eftir meðfram Markarfljóti inn um Emstrur að Hvanngili. Ekið er frá Hvanngili um Rangárbotna að Keldum og þaðan í bæinn. Þetta er heilsdagsferð og verður fólk að hafa með sér nesti í hádegisverð en Efling-stéttarfélag býður upp á síðdegishressingu.

Verð í ferðina er kr. 2.200.-Innritun hefst 22. júní en greiða þarf fargjaldið fyrir 10.ágúst.



Í Ljósártungum milli Laufafells og Hrafninnuskers



LAUNAMIDINN 10 ára vinningur!

Þú gætir unnið:

100.000 kr. á mánuði í 10 ár
120 sinnum 100.000 kr.

2001

1. jan.	
1. feb.	
1. mars	
1. apr.	
1. maí	100.000 kr.-
1. júní	100.000 kr.-
1. júlí	100.000 kr.-
1. ág.	100.000 kr.-
1. sept.	100.000 kr.-
1. okt.	100.000 kr.-
1. nóv.	100.000 kr.-
1. des.	100.000 kr.-

2002

1. jan.	100.000 kr.-
1. feb.	100.000 kr.-
1. mars	100.000 kr.-
1. apr.	100.000 kr.-
1. maí	100.000 kr.-
1. júní	100.000 kr.-
1. júlí	100.000 kr.-
1. ág.	100.000 kr.-
1. sept.	100.000 kr.-
1. okt.	100.000 kr.-
1. nóv.	100.000 kr.-
1. des.	100.000 kr.-

2003

1. jan.	100.000 kr.-
1. feb.	100.000 kr.-
1. mars	100.000 kr.-
1. apr.	100.000 kr.-
1. maí	100.000 kr.-
1. júní	100.000 kr.-
1. júlí	100.000 kr.-
1. ág.	100.000 kr.-
1. sept.	100.000 kr.-
1. okt.	100.000 kr.-
1. nóv.	100.000 kr.-
1. des.	100.000 kr.-

2004

1. jan.	100.000 kr.-
1. feb.	100.000 kr.-
1. mars	100.000 kr.-
1. apr.	100.000 kr.-
1. maí	100.000 kr.-
1. júní	100.000 kr.-
1. júlí	100.000 kr.-
1. ág.	100.000 kr.-
1. sept.	100.000 kr.-
1. okt.	100.000 kr.-
1. nóv.	100.000 kr.-
1. des.	100.000 kr.-

2005

1. jan.	100.000 kr.-
1. feb.	100.000 kr.-
1. mars	100.000 kr.-
1. apr.	100.000 kr.-
1. maí	100.000 kr.-
1. júní	100.000 kr.-
1. júlí	100.000 kr.-
1. ág.	100.000 kr.-
1. sept.	100.000 kr.-
1. okt.	100.000 kr.-
1. nóv.	100.000 kr.-
1. des.	100.000 kr.-

2006

1. jan.	100.000 kr.-
1. feb.	100.000 kr.-
1. mars	100.000 kr.-
1. apr.	100.000 kr.-
1. maí	100.000 kr.-
1. júní	100.000 kr.-
1. júlí	100.000 kr.-
1. ág.	100.000 kr.-
1. sept.	100.000 kr.-
1. okt.	100.000 kr.-
1. nóv.	100.000 kr.-
1. des.	100.000 kr.-

2007

1. jan.	100.000 kr.-
1. feb.	100.000 kr.-
1. mars	100.000 kr.-
1. apr.	100.000 kr.-
1. maí	100.000 kr.-
1. júní	100.000 kr.-
1. júlí	100.000 kr.-
1. ág.	100.000 kr.-
1. sept.	100.000 kr.-
1. okt.	100.000 kr.-
1. nóv.	100.000 kr.-
1. des.	100.000 kr.-

2008

1. jan.	100.000 kr.-
1. feb.	100.000 kr.-
1. mars	100.000 kr.-
1. apr.	100.000 kr.-
1. maí	100.000 kr.-
1. júní	100.000 kr.-
1. júlí	100.000 kr.-
1. ág.	100.000 kr.-
1. sept.	100.000 kr.-
1. okt.	100.000 kr.-
1. nóv.	100.000 kr.-
1. des.	100.000 kr.-

2009

1. jan.	100.000 kr.-
1. feb.	100.000 kr.-
1. mars	100.000 kr.-
1. apr.	100.000 kr.-
1. maí	100.000 kr.-
1. júní	100.000 kr.-
1. júlí	100.000 kr.-
1. ág.	100.000 kr.-
1. sept.	100.000 kr.-
1. okt.	100.000 kr.-
1. nóv.	100.000 kr.-
1. des.	100.000 kr.-

2010

1. jan.	100.000 kr.-
1. feb.	100.000 kr.-
1. mars	100.000 kr.-
1. apr.	100.000 kr.-
1. maí	100.000 kr.-
1. júní	100.000 kr.-
1. júlí	100.000 kr.-
1. ág.	100.000 kr.-
1. sept.	100.000 kr.-
1. okt.	100.000 kr.-
1. nóv.	100.000 kr.-
1. des.	100.000 kr.-

2011

1. jan.	100.000 kr.-
1. feb.	100.000 kr.-
1. mars	100.000
1. apr.	100.000
1. maí	
1. júní	
1. júlí	
1. ág.	
1. sept.	
1. okt.	
1. nóv.	
1. des.	





Hin hliðin á Atla Gíslasyni lögmanni:

Setur niður gullauga en tekur upp rauðar

Það er orðið margt launafólkið í stéttarfélagunum sem Atli Gíslason, lögmaður Eflingar hefur aðstoðað í hartnær tvo áratugi. Hvort sem um hefur verið að ræða erfið deilumál við atvinnurekendur eða málarekstur fyrir hönd félagsins eða félagsmanna hefur hann jafnan komið að því með grímt sjónarmið verkafólks að leiðarljósi. En það eru færri sem vita að Atli Gíslason er í hjarta sínu mikill sveitamaður og ræktunarmaður. Það er haft á orði á skrifstofu Eflingar að hann sé eini maðurinn á Íslandi sem getur sett niður gullauga og tekið upp rauðar kartöflur í sumarparadís sinni í nágrenni Selvíkur í Grímsnesi. Okkur lék forvitni í sumarblaði Eflingar að fá að spjalla við Atla í sveitinni þar sem sumarbústaður hans stendur tígulegur eins og eigandinn í miðjum rauðhólagi í Grímsnesinu. Talið barst fyrst að námi hans og störfum.

Ég útskrifaðist sem lögfræðingur 1974 og hélt síðan í framhaldsnám til Noregs. Að því loknu kom ég heim og hóf störf hjá Ríkisskattstjóra. Þar var ég í fjögur ár og byrjaði svo sem sjálfstæður lögmaður 1980. Fljótlega komst ég í samband við Skúla Thoroddsen, lögmann Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og fór að aðstoða hann við að gera skattframtöl og í framhaldi af því var ég fastráðinn lögmaður hjá Dagsbrún 1983. Starfið fólst meðal annars í því að ég var með vikulega viðtalstíma þar sem félagsmenn gátu komið og rætt ýmis vandamál. Nú eru lögmennt með viðtalstíma alla þriðjudaga og annan hvern miðvikudag í Sætúni 1 á skrifstofu Eflingar.

Hverskonar mál eru það þá helst sem þú færð til úrlausnar?

Við höfum alltaf verið með framtalsaðstoð og þangað leita fleiri hundruð manns árlega. Önnur helstu málin sem fólk þarf að fá aðstoð við eru deilur út af vinnulaunum og uppsögnum og einnig er mikið af skaðabótamálum vegna vinnuslysa. Mér finnst alltaf erfiðustu málin vera fyrirvaralausar ólögsmætar uppsagnir. Þær fara oft mjög illa með fólk og því finnst að það sé beitt miklu ranglæti og að það felst mikil móðgun í uppsögnum þegar ekki er farið eftir settum reglum. Stundum er fólk jafnvel





Guðmundur Páll Ólafsson og Atli slá á léttu strengi.

ásakað um eitthvað sem það hefur ekki gert. Þá eru sum skaðabótarmálin mjög erfið sérstaklega þar sem fólk fær háls- hnykks- eða bakáverka og getur átt í miklum erfiðleikum með að fóta sig aftur í lífinu og líður oft mikið fyrir það. Mörg þessara mála hafa verið býsna erfið og allnokkur hafa farið fyrir dómstóla en sem betur fer hafa flest þeirra leysts farsælega. Það er mjög vel staðið að þessum málum hjá Eflingu og ég held að mörg stéttarfélög ættu að taka sér þennan þátt í starfinu til fyrirmyndar.

Það liggur við að maður þurfi að berja plönturnar niður með haka og járnkarli en það hefur samt tekist afar vel



mig og bauð mér að kaupa landið og ég gekk að því enda var kaupverðið hagstætt og greitt að mestu með skuldabréfi til átta ára.

Framkvæmdir hófust svo á landinu 1979 og fyrsta verkið var að ryðja niður í gryfjuna með jarðýtu og síðan sáði ég bæði grasi og lúpínu í hana. Fjórum árum seinna byggði ég sumarbústaðinn og síðan reis gestahúsið og geymslan í kletti við hliðina á sumarbústaðnum.

Dvelurðu oft í sumarbústaðnum og hvernig verðu tímanum í sveitinni?

Já, afarmikið bæði sumar og vetur. Ég er ekki fyrr komin hingað en maður er kominn í vinnugallann og farinn að planta, klippa tré eða rótast í öðrum framkvæmdum. Ég hef gróðursett fleiri þúsund plöntur þó aðstæður séu ekki góðar. Landið er gamall gosgígur og jarðvegurinn er að mestu gjóskugjall. Það liggur við að maður þurfi að berja plönturnar niður með haka og járnkarli en það hefur samt tekist afar vel og reynslan sýnir að trjáplöntur þurfi miklu frekar gott skjól en góðan jarðveg. Reyndar er ég að fara að gróðursetja plöntu fyrir fyrsta barnabarnið mitt í dag og það er óskaplega falleg selja sem mun njóta sérstaklegrar umhyggju og aðhlynningar. Svo er ég með kartöflu- og kálrækt og einnig jarðarber.

Í Öndverðarnesi sem er hér rétt hjá er golfvöllur og þegar ég vil hvíla mig á puðinu fer ég þangað og leik nokkrar holur.

Hvernig leggst svo sumarið í þig?

Mjög vel. Vorið og upphaf sumarsins þegar allt er að lifna við finnst mér vera besti tími ársins og svo held ég að sumarið verði bæði sólríkt og gott.

Hneykslaðist á jarðraskinu

Hvenær vaknaði áhugi þinn á sveitalífi og sumarbústöðum?

Ég stundaði garðyrkjustörf með lögfræðináminu og þegar ég hafði lokið námi í Háskóla Íslands vann ég við garðyrkjustörf um sumarið. Þá var ég beðinn að ganga frá afsali á landsspildu í Selvík í Grímsnesi sem er ekki hérna langt frá og girða hana. Ég fór með eigandanum þangað og á leiðinni fórum við framhjá malargryfju með tuttugu metra háum þverhníptum klettum sem stakk mjög í augu í fall- egri náttúrunni. Ég hneykslaðist mikið á jarðraskinu og hafði uppi stór orð um hvað þetta væru skelfileg náttúruspjöll og hélt svo sama söngnum áfram á bakaleiðinni þar til ég spurði samferðarmann minn hver væri eigandi að malargryfjunni. Hann sagðist vera það og spurði hvort ég vildi ekki kaupa landið af honum og laga það fyrst ég væri svona heitur út af þessu. Ég sagði honum að ég hefði ekki efni á því nema hann lánaði mér andvirðið en fékk litlar undirtektir og hélt þar með að það yrði ekkert af þessu. En viku seinna hringdi hann í

Framvarðasveitin

Gæðavélar fyrir
atvinnumenn og
sveitafélög frá
MURRAY - USA


SENTINEL
BY MURRAY



Nánari uppl á
Netinu:
hvellur.com

6 HP atvinnuvél

22" sláttuvél með öflugu afturdrifi
96 ltr grassafnari
convertable - breytanleg fyrir
hliðarblástur eða afturblástur
Hækkunarbúnaður - eitt handtak

VIÐ TRYGGJUM OKKAR
VIÐSKIPTAVINUM
VARAHLUTAÞJÓNUSTU

Traktorar

13 - 18,5 HP Briggs & Stratton
Áfastur safnkassi með beinu úttaki
frá sláttubúnaði tryggir öruggt
frákast

VIÐ TRYGGJUM OKKAR
VIÐSKIPTAVINUM
VARAHLUTAÞJÓNUSTU

5 HP sláttuvél með þræði

22" sláttuvél sem slær eins og
vélorf - mikil afköst
Sláttubreidd eins og breiðasta
sláttuvél

Mjög létt og meðfærileg

VIÐ TRYGGJUM OKKAR
VIÐSKIPTAVINUM
VARAHLUTAÞJÓNUSTU



<http://HVELLUR.com>
...í einum grænum

Smiðjuvegi 8 - Kópavogi
Sími: 577 6400



Björg Sigurðardóttir fer yfir reikninga félagsins en Sigurður Bessason og Þórunn Sveinbjörnsdóttir fylgjast með.

Aðalfundur Eflingar

Mikið annríki einkenndi starfsárið

-segir Sigurður Bessason, formaður

Á aðalfundi Eflingar-stéttarfélags sem haldinn var 10. maí sl. kom fram hjá Sigurði Bessasoni að síðasta starfsár hefur einkennst af miklum önnum og fjölda funda í félagsstarfi þar sem samningamál á flestum sviðum félagsins voru leidd til lykta. Á starfsárinu flutti Efling einnig í nýtt hús í Sætúni þar sem framtíðaradsetur félagsins verður og fræðslusetur. Á fundinum tók við ný stjórn Eflingar þar sem stjórnarmönnum fækkar um fjóra og verða alls 21 í stjórn.

140 vinnustaðafundir á árinu

Vinnustaðafundir hafa verið fjölmargir vegna ýmiss konar mála sem komið hafa upp á vinnustöðum s.s. vegna kosningar trúnaðarmanna, samningamála og ýmissa mála sem tengjast deilu- og réttindamálum. Til upplýsingar er rétt að benda á að alls hafa rúmir 140 fundir verið haldnir á hinum ýmsu vinnustöðum Eflingar-stéttarfélags á starfsárinu. Þar að auki hafa margir fundir verið haldnir með starfsmönnum fyrirtækja á skrifstofu Eflingar. Þessir fundir eru þó í reynd mun fleiri þar sem

við höfum ekki nákvæma skráningu um fundahald á vinnustöðum en þessi tala ætti að gefa sæmilega hugmynd um fjöldann.

Sérstaklega hefur þurft að sinna því verkefni að fylgjast vel með þeim vinnustöðum sem eru á sviði veitinga- og gistihúsa. Þar hafa vinnustaðir verið heimsóttir kerfisbundið, kosnir trúnaðarmenn og farið yfir réttarstöðu starfsmanna með atvinnurekendum.

Þessi fjöldi vinnustaðaheimsóknar byggist á því að nú eru fleiri starfsmenn á skrifstofunni sem taka þátt í vinnustaðastarfi og erum við þannig að leitast við að efla þennan þátt frá skrifstofu en við sameiningu félaganna var það nefnt sem öflugur framtíðarþáttur starfsins að sérhæfa starfsemina meira og auka enn frekar starfið á vinnustöðunum en áður var. En það er ljóst að sinna þarf enn betur en gert er þessu starfi því trúnaðarmenn félagsins og félagsmenn okkar úti á vinnustöðunum eru aflið sem við byggjum á.

Í dag eru um það bil 2000 fyrirtæki sem greiða til Eflingar. Meðal þeirra eru mörg smærri fyrirtæki þar sem minna reynir á trúnaðarmann og vinnustaðastarf. Sem dæmi um fjölda vinnustaða má nefna að hjá olúfélögum þremur eru um 60 vinnustaðir.

Fjárhagur og sjóðir

Traust fjárhagsstaða

Efling-stéttarfélag var rekið með 95,1 milljóna króna tekjuafgangi umfram gjöld á árinu 2000. Þessa niðurstöðu má að miklu leyti rekja til hagræðingar vegna sameiningar félaganna.

Félagssjóður var rekinn með 11 milljóna króna tekjum umfram gjöld. Staða Vinnudeil-sjóðs er góð en nokkur útgjöld urðu úr sjóðnum og er það fyrst og fremst vegna mikils fjölda kjarasamninga á síðasta ári en sjóðurinn ber kostnað vegna þeirrar vinnu. Óverulegur halli var á fræðslusjóði og er það fyrst og fremst til komið vegna lækkunar á fræðslusjóðsgjaldi úr 5% í 2,5% á árinu.

Sjúkrasjóður var rekinn með rúmlega 60 milljóna króna tekjur umfram gjöld árið 2000. Tekjur umfram gjöld fyrir fjármagnstekjur að fráðregnum öðrum tekjum er 2,6 milljónir. Tekjuafgangur Sjúkrasjóðs er að mestu tilkominn vegna fjármagnstekna og annarra tekna. Því er ljóst að í raun er Sjúkrasjóður í járnnum árið 2000.

Þegar betur árar í þjóðfélaginu mætti ætla að minni ásókn væri í bætur úr Sjúkrasjóði. En reynsla okkar er önnur. Greinilegt er að mikið vinnuálag á vinnustöðum okkar kemur fram í Sjúkrasjóði Eflingar. Því er erfiðara en halda mætti á þessum tíma að safna í sjóði fyrir þeim tímum þegar verr árar í þjóðfélaginu.

Orlofsjóður var rekinn með 10,6 milljóna króna gjöld umfram tekjur á árinu. Ástæður þessa rekstrartaps eru ákvarðanir um miklar framkvæmdir og viðgerðir í orlofshúsum félagsins til að tryggja að orlofshúsin séu alls staðar í góðu ástandi.

Jóhönnu og Vilborgarsjóður er rekinn með rúmlega 5,5 milljón króna tekjuafgangi á árinu.

Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta var rekinn með 812 þúsund króna tapi á árinu.

300 umsækjendur í fræðslusjóði

4 milljónir greiddar í styrki

Frá því fræðslusjóðir tóku til starfa sl. haust hafa u.þ.b. 300 félagsmenn sótt í starfsmennta-sjóði Eflingar og u.þ.b. 4 milljónir hafa verið greiddar í einstaklingsstyrki. Til viðbótar hefur síðan verið unnið að ýmsum verkefnum s.s. tölvunámi fyrir starfsmenn hjá hreinsunardeild Reykjavíkur; starfstengdu íslenskunámi fyrir erlenda félagsmenn; unnið er að námskeiðum fyrir framreiðslufólk og dyraverði; aðstoðarmenn við mannvirkjagerð og í málmiðnaði, starfsmenn á bensínstöðvum og fleira.

Öflug félagsleg fræðsla

Megináhersla í félagsmálafræðslu Eflingar er á trúnaðarmannafræðslu. Trúnaðarmannanám-skeið I og II eru haldin í samvinnu við MFA og reynum við að bjóða öllum nýjum trúnaðar-

mönnum uppá námskeið mjög fljótlega eftir að þeir taka við trúnaðarmannastarfinu. Ásamt trúnaðarmannanámsskeiðum býður Efling trúnaðarmönnum að sækja Félagsmálaskóla Albýðu sem haldinn er á hverri önn og yfirleitt eigum við einhvern fulltrúa á hverri önn skólans. Til viðbótar stendur Efling að ýmsum félagsmálanámskeiðum s.s. sjálfstýrkingarnám-skeiðum, námskeiðum um einelti á vinnustöðum, starfslokanámskeiðum, námskeiði um lestur launaseðla, námskeið um vinnutímatilskipun o.fl. Þessi námskeið eru auglýst sérstaklega í Eflingarblaðinu og eru haldin í hinu nýja og glæsilega fræðslusetri Eflingar að Sætúni 1, 4. hæð, fyrir ofan skrifstofur félagsins.

Þá hefur félagið boðið trúnaðarmönnum grunnnámskeið í tölvum þeim að kostnaðarlausu og hafa þau námskeið verið mjög vel sótt.



Góð mæting var á aðalfundinn.....

Ný heimasíða Eflingar

Á starfsárinu samþykkti stjórn Eflingar – stéttarfélags að hefja vinnu við gerð nýrrar heimasíðu fyrir félagið sem opnuð var þann 1. maí s.l.. Með nýrri heimasíðu vill félagið koma til móts við þarfir þeirra félagsmanna sem nýta sér samskiptamöguleika tölvutækninnar og bæta upplýsingaflæði frá félaginu út á veraldarvefinn.

Með nýrri heimasíðu verður mun einfaldara að nálgast allar upplýsingar um félagið á aðgengilegan hátt ásamt því sem boðið verður upp á gagnvirk samskipti í umsóknum um orlofshús félagsins og í umsóknum í fræðslusjóði félagsins. Heimsíðunni, sem opnast á forsíðu með fréttasíðu, er skipt í sjö megin undirsíður sem hver um sig geymir upplýsingar um viðkomandi málaflokk.

Síðurnar eru kjaramál, um félagið, orlofs-sjóður, sjúkrasjóður, fræðslumál, atvinnuleysi og útgáfumál. Vefurinn mun væntanlega vera í þróun þetta starfsár og eru allar ábendingar félagsmanna vel þegnar.

47 orlofshús og 3 tjaldvagnar auk leiguíbúða

Mikil eftirspurn er eftir orlofshúsum félagsins og óhætt að fullyrða að sá þáttur í starfsemi félagsins stendur í miklum blóma.

Félagið á nú samtals 47 orlofshús og 3 tjaldvagna. Auk þess eru tekin á leigu hús og íbúðir á sumrin til að auka framboðið yfir mesta annatímann. Nýtt hús bætist við í Svignaskarði á grunn sem félagið átti þar og höfum við þá alls til ráðstöfunar rúmlega 800 vikur á orlofstímanum sem telst vera frá miðjum maí og út ágústmánuð.

Árlegar sumarumsóknir eru u.þ.b. 1250 og má segja að rúm 60 % umsækjenda fái úthlutun. Nýting húsanna er almennt mjög góð, yfir orlofstímann er nýtingin 100 % í öllum húsunum. Yfir veturinn eru helgarnar nýttar 90 – 95 % þar sem á annað borð er opið.

Stjórnarmönnum þökkuð góð störf

Á aðalfundi Eflingar þakkaði Sigurður Bessason stjórnarmönnum í Eflingu sérstaklega vel unnin störf og kvaddi þá sem nú hverfa úr stjórninni. Þeir eru eftirtaldir:



Bjarni Hjálmtýsson var í stjórn Dagsbrúnar frá 1996 og stjórn Dagsbrúnar og Framsóknar frá 1997 og Eflingar frá 1998.

Veistu?

....að Efling-stéttarfélag styrkir þig til náms í námskeiðum og skólum?



Eyþór Brynjólfsson var í stjórn Eflingar frá 1998, trúnaðarmaður á Kleppi og hefur unnið gott starf sem trúnaðarmaður og í öryggismálum á sínum vinnustað.



Guðrún Óladóttir var í stjórn Sóknar frá 1988, varaformaður Sóknar frá sama tíma. Hún var í stjórn Eflingar frá sameiningunni við Sókn, hefur setið í miðstjórn ASÍ og í stjórn Vinnueftirlitsins auk þess sem hún veitir sjúkrasjóðnum forystu og sinnir ýmsum málum fyrir félagið og er í forystu fyrir eitt svið Starfsgreinasambandsins.

Smelltu á www.efling.is



Ólína Ólafsdóttir var trúnaðarmaður og stjórnarmaður í Framsókn frá 1996 og síðan Dagsbrún og Framsókn frá 1997 og stjórn Eflingar frá 1998. Hún er starfsmaður Eflingar



Ólafur Ólafsson hefur gengt þar ýmsum störfum fyrir félagið og eldri félög, var gjaldkeri Dagsbrúnar frá 1982-1996, formaður vinnudeilusjóðs frá 1989, stjórnarmaður frá 1980, uppstillingarnefndarmaður frá 1987 og trúnaðarmaður á sínum vinnustað í Mjólkur-samsölunni.

Veistu?

....að hjá Tölvuskóla Reykjavíkur færð þú sérstaka afslætti vegna aðildar Eflingar að skólanum?

Ný stjórn í Eflingu

Stjórnar- mönnum fækkar úr 25 í 21

Á aðalfundi Eflingar tók ný stjórn félagsins við störfum og um leið fækkaði stjórnarmönnum um fjóra. Stjórnin er þannig skipuð til aðalfundar 2002.

Aðalmenn sem kjörnir voru á þessu ári voru:

- | | |
|------------------------|----------------------------------|
| 1. varaformaður | Þórunn Sveinbjörnsdóttir |
| ritari | Hjördís Baldursdóttir |
| meðstjórnendur | Jónína Sigurðardóttir |
| | Snorri Ársællsson |
| | Ingibjörg B. Sveinsdóttir |
| | Rannveig Gunnlaugsdóttir |
| | Þorsteinn M. Kristjánsson |
| | Sigríður Einarsdóttir |
| | Hannes Ólafsson |
| | Jón S. Pétursson |
| | Vilhjálmur Bragason |

Þeir sem sitja áfram frá síðasta ári eru

- | | |
|------------------------|---------------------------------|
| Formaður | Sigurður Bessason |
| 2. varaformaður | Guðmundur Þ Jónsson |
| gjaldkeri | Ingunn Þorsteinsdóttir |
| meðstjórnendur | Hildur Kjartansdóttir |
| | Þorbjörg Kristjánsdóttir |
| | Kristín Jónatansdóttir |
| | Viðar Ottesen |
| | Ragnar Ólason |
| | Símon Gunnarsson |
| | Þuríður Ingimundardóttir |

Aðrir sem eru áfram í trúnaðarstöðum frá árinu 2000

- | | |
|-------------------------------|----------------------------|
| Skoðunarmenn reikninga | Aðalskoðunarmenn |
| | Helgi Helgason |
| | Ruth Arelúsóttir |
| Varaskoðunarmaður | Sjöfn Stefánsdóttir |

Spennandi námskeið Heimilisiðnaðarskólans

Heimilisiðnaðarfélag Íslands var stofnað 1913 og hefur á stefnuskrá sinni að kynna og vernda gamalt íslenskt handverk. Til að viðhalda þessari þekkingu og kynna fyrir almenningi hefur Heimilisiðnaðarskólinn boðið upp á handverksnámskeið í nær 25 ár. Skrifstofa skólans er opin mánud.-miðvikud. 10-13.

Meðal þess sem kennt er við skólann er útskurður, vefnaður, tóvinna, jurtalitun, spjaldvefnaður, útsaumur og þjóðbúningasamur. Einnig greinar er tengjast þjóðbúningasamum, baldýring, knipl, orkering og sauðskinnsskógerð. Námskeiðin eru haldin í húsnaði Heimil-

isiðnaðarfélagsins á Laufásvegi 2.

Þjónustudeild félagsins er lítil verslun að Laufásvegi 2 sem selur allt sem þarf til að sauma þjóðbúning (utan kvensilfursins) ásamt bandi í vefnað, vefnaðaráhöldum og íslenskum útsaumsmynstrum. Er verslunin opin tvo daga í viku mánudag og fimmtudag.

Á síðustu árum hefur orðið mikil vakning um að sauma þjóðbúninga; upphlut og peysuföt. Margar konur hafa komið á námskeið og saumað búninga á sjálfa sig eða fjölskyldumeðlimi. Námskeiðin standa yfir í 11 vikur, hist er eina kvöldstund, 4klst, einu sinni í viku. Kennarar eru klæðskerar og/eða kjólameistarar með sérhæfingu í þjóðbúningasamum. Ýmist annað handverk tilheyrir þjóðbúningum. Knipl, orkering, baldýring og sauðskinnsskór eru meðal þess sem margir velja að gera sjálfir.

Heimilisiðnaðarskólinn býður einnig upp á námskeið í fleiri gerðum þjóðbúninga, kyrtli, skrautbúning, möttli og faldúning. Er skráð á námskeið og þegar næg þáttaka fæst verður námskeiðinu hrint af stað.



Þrjár konur á faldbúning.

Búningarnir í byrjun 18. aldar (og fyrr) voru oftast kallaðir faldbúningar og drógu nafn af þeim höfuðbúnaði, sem einkenndi þá. Hlutar faldbúnings á 18. öld voru pils (niðurhlutur), svunta, skyrti, upphlutur, treyja, kragi og faldur, einnig belti og klútar, hálsklútar, höfuðklútar og handlína. Einnig báru konur skart, kvensilfur, við búninginn eftir efnum og ástæðum m.a. hálsfestar ermahnappa, svuntuhnappa, millur og skraut á belti. Tók faldbúningurinn

ýmsum breytingum fram á 19. öld. Krókfaldurinn breyst smám saman í spaðafald, munstur neðan á svuntu og pilsu tekur breytingu og svuntan verður felld saman við pilsu og kallast þá samfella.



Móðir á upphlut með tvö börn.

Á fyrri hluta 19. aldarinnar dregur úr notkun faldabúningsins en peysufötin koma í hans

stað bæði sem hversdags- og spariklæðnaður. upphluturinn var hluti af gamla faldbúningnum í gömlu máli var talað um niðurhlut, sá hluti klæðnaðar sem í dag heitir pils. Því var haldið uppi með flík sem var nokkurs konar kot eða bolur og hét einfaldlega upphlutur. Var þessi flík eins konar lífstykki undir faldbúningstreyjunni og einnig peysunni. Þessi bolur (upphluturinn) var oftast mislitur, ýmist rauður, grænn, blár, eða svartur þegar nálgadist lok 19. aldar. Um miðja 19. öldina var farið að nota eingöngu bolinn við peysufatapilsid, undir bolnum var nærskyrtan áfam og sams konar svunta og húfa eins og við peysufötin. Þar með var kominn nýr búningur til sögunnar, sem kallast nú upphlutur.

Um miðja 19. öld hannar Sigurður Guðmundsson málari skrautbúning og kirtil. Náðu þessir búningar mikilli útbreiðslu og er skautbúningurinn talinn hátíðarbúningur íslenskra kvenna.



Tvær stúlkur, önnur í kyrtli, hin í skautbúning

Íþróttasúrmjólk

– sterkur leikur

*Bragðgóð máltíð,
auðug af kalki
og próteinum*



MIJÓLKURSAMLAG KS
SAUÐÁRKRÓKI



• með vanillu
og jarðarberjum

• með vanillu



Ólafur Gísli Sveinbjörnsson

Einn af hundrað bestu

Ég hef verið að vinna með Sigga Hall frá árinu 1993 eftir að ég lauk námi mínu við Hótel og Veitingaskóla Íslands og samningi frá Hótel Höfn. Við höfum unnið að gerð sjónvarpsþátta, við veitingarekstur og ýmis önnur verkefni, segir Ólafur Gísli Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri og yfirmatreiðslumaður á Óðinsvéum.

Í ársbyrjun 2000 fór af stað enduruppbygging veitingastaðarins á Hótel Óðinsvéum (gamli brauðbær). Þar hafði um áratugaskeið verið rekinn veitingastaður og hann verið í miklu brautryðjandastarfi á sviði veitingareksturs. Eins og fyrr segir var ráðist í það verkefni að endurnýja staðinn frá grunni og var safnað saman úrvals fagfólki sem var hvað best á sínu sviði til verksins. Og að sjálfsögðu var Sigurður Hall leiðandi í allri framkvæmdinni þar sem að hann hefur yfir að ráða yfirgripsmikilli þekkingu á öllum hliðum veitingareksturs. Það var

hvergi til sparað við að gera þennan stað einn af hinum bestu frá upphafi og var stefnan tekin mjög hátt.

Árangurinn lét ekki á sér standa og nú í byrjun sumars var staðurinn valinn einn af 100 bestu nýju stöðunum í heiminum af hinu virta, bandaríska ferðatímariti Conté Nast Traveller Magazine. Þetta er einstakur árángur og markar upphafið af innreið íslenskrar matargerðar inn í alþjóðlega ummfjöllun og eftirtekt á sviði ferðamála og veitingareksturs.

Svona árangur næst eingöngu þegar saman kemur hópur af fólki sem að vinnur að sameiningu að svo háleitum markmiðum og er þá enginn starfsmaður undanskilinn. Það verða allir að leggjast á eitt við að ná tilætluðum árangri.

Við báðum Ólaf Gísla að gefa okkur góða uppskrift fyrir sumargrillveislurnar.

Smelltu á www.efling.is

Beikonvafið í hunangssósu

Hér kemur grillmaturinn sem slær í gegn í sumar.

Beikonvafið svínakjöt á teini með grænmeti og hunangssósu

- fyrir fjóra

600 g svínagúllas í bitum
30 sneiðar úrvalsbeikon
1 flaska tilbúin hunangssósa
(t.d. Hunts Honey B.B.Q.)
2 paprikur, t.d. rauð og græn
2-3 rauðlaukar
1 zucchini (kúrbítur)
8 litlir sveppir
8 grillpinnar
svartur pipar úr kvörn

Setjið kjötið í skál og hellið 1/3 af grillsósunni yfir og blandið vel. Látið standa í a.m.k. 1 klst. Skerið allt grænmetið nema sveppina í bita, álfka stóra og kjötbitarnir eru. Vefjið beikonsneið þétt um hvern kjötbita og raðið síðan kjöti og grænmeti til skiptis á pinnana og setjið sveppina síðast. Grillið við mikinn hita, fyrst til að fá góða steikarhúð á kjötið en færið síðan yfir á minni hita. Snúið kjötinu og penslið með grillsósunni jafnt og þétt allan tímann.

Grillaður svínahnakki með mexikóskum áhrifum

- fyrir fjóra

1 kg svínahnakki
1 flaska sterk grillsósa
eða mexikósk kryddblanda(þurrkrydd)
og venjuleg grillsósa

Meðlæti:
Bakaðar kartöflur
Salat
Nachos kornflögur
Salsasósa og ostasósa
Maís kornstönglar soðnir og grillaðir

Best er að sneiðarnar séu svolítið þykkar því þetta kjöt þarf góða eldun.

Leggið kjötið í 1/3 af grillsósunni eða þurrkryddið vel. Byrjið að grilla við mikinn hita fyrst enn lækkið síðan hitann og snúið og penslið kjötið því oftar því betra. Gefið ykkur góðann tíma við þetta og berið svo framman þegar steikin hefur fengið góða brasaða húð.

Leiðrétting

Kristín V. Þórðardóttir

Þau leiðu mistök urðu við útgáfu síðasta fréttablaðs Eflingar að Kristín V. Þórðardóttir, sem starfar hjá tækjadeild Eimskips í Sundahöfn var rangnefnd í blaðinu í fyrirsögn á innfelldum myndtexta.

Hér með er Kristín beðin velvirðingar á þessum mistökum blaðsins og endurbirtum við myndina með réttu nafni til áréttingar.

Ritstjóri



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS SÉR UM:

- Útfararstjóri tekur að sér umsjón útfarar í samráði við prest og aðstandendur.
- Flytja hinn látna af dánarstað í líkhús.
- Koma á sambandi við þann prest sem aðstandendur óska eftir.
- Aðstoða við val á kistu og líkkælum.
- Búa um lík hins látna í kistu og snyrta ef með þarf.
- Fara með tilkynningu í fjölmiðla.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS ÚTVEGAR:

- Stað og stund fyrir kistulagningu og útför.
- Legstað í kirkjugardi.
- Órganista, sönghópa, einsöngvara, einleikara, og/eða annað listafólk.
- Kistuskreytingu og fána.
- Blóm og kransa.
- Sálmaskrá og aðstoðar við val á sálum.
- Dánarvottorð og líkbrennsluheimild.
- Duftker ef líkbrennsla á sér stað.
- Sal fyrir erfidrykkju og gestabók ef óskað er.
- Kross og skilti á leið.
- Legstein.
- Flutning á kistu út á land eða utan af landi.
- Flutning á kistu til landsins og frá landinu.

Útfararstofa Íslands – Suðurhlíð 35 – Fossvogi
Sími 581 3300 – Allan sólarhringinn
www.uttforin.is



Höfnin

Höfnin þarfnast þekkingar

Starfsnám fyrir flutningaverkamenn

Starfsnám fyrir flutningaverkamenn hefst í september n.k. Kennt verður tvo daga í viku og halda starfsmenn launum meðan á námi stendur. Námið er 250 kennslustundir að lengd og fer fram á vinnutíma. Það eru Samskip, MFA, Efling-stéttarfélag og Starfsgreinasambands Íslands sem hafa unnið að skipulagi starfsnámsins fyrir flutningaverkamenn. Verkefnið hefur fengið styrk frá Starfsmenntaráði. Stefnt er að samvinnu við nýstofnaða fræðslusjóði verka-fólks.

Markmið námsins er að auka hæfni og öryggi starfsmanna við hafnarvinnu og gera starfið eftirsókarverðara. Jafnframt að starfsmenn verði hæfari og ánægðari og hafi möguleika til að vaxa í starfi og axla meiri ábyrgð. Lengd námsins og inntak er miðað við sameiginlegar þarfir fyrirtækisins og starfsmannanna.

Störf flutningaverkamanna hafa verið í sífældri þróun síðastliðna áratugi. Tæknin hefur fækkað störfum við höfnina og gert þau sér-

hæfðari. Krafan um tölvu- og tæknikunnáttu starfsmanna eykst stöðugt. Námið miðar að því að auka færni starfsmanna í tæknilegum greinum, tölvum og ýmsum öðrum greinum sem að gangi mega koma í starfinu.

Undirbúningur hafnarskólans

Í verkefnisstjórn fyrir námið eru fyrir hönd Samskipa Anna Kristín Halldórsdóttir, fræðslu-fulltrúi, Guðmundur L. Loftsson, rekstrarstjóri og Brynjar Sigtryggsson, rekstrarstjóri, fyrir hönd Eflingar-stéttarfélags eru Garðar Vilhjálmsson, fræðslufulltrúi og Snorri Ársælsson, aðaltrúnaðarmaður Eflingar-stéttarfélags hjá Samskipum, fyrir hönd VMSÍ er Kristján Bragason, vinnumarkaðsfræðingur, og fyrir hönd MFA er Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri.

Verkefnisstjórnin hefur nú lokið vinnu við námskrágerð. Kynning á starfsnáminu fer fram innan Samskipa þessa dagana og umsóknarfrestur um námið er til 15. júní.



Hafið samband samdægurs!

Það skal enn og aftur ítrekað að starfsmaður sem er rekinn úr starfi eða sagt upp að hann geri þegar í stað kröfu um að fá afhent uppsagnarbréf.

Peir starfsmenn sem er sagt upp eiga að hafa samband við félagið strax sama dag annars eru þeir sennilega að tapa launum í uppsagnarfresti.



LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

við sjáum um fjármálin

Sérkjör Heimilislínu fela í sér mikið hagræði og fjárhagslegan ávinning fyrir skilvísu og trausta viðskiptavinum. Sérkjör Heimilislínu eru viðtæk fjármálaþjónusta á vildarkjörum fyrir þá sem þurfa mikið fjárhagslegt svigrúm. Í þjónustunni felst m.a.

- **Hærrí innlánsvextir**
- Allt að 750.000 króna yfirdráttarheimild á Gullreikningi án ábyrgðarmanna
- **Lægri vextir** á yfirdráttarheimild
- **Gulldebetkort** ásamt 150 friðum kortafaerslum á ári
- **Gullkreditkort VISA**, eða MasterCard Heimskort
- Aðgangur að Heimilisbankanum á Internetinu
- Allt að 750.000 króna skuldabréfalán til allt að fimm ára, án ábyrgðarmanna
- Allt að 2.000.000 króna reikningslán á hagstæðum kjörum
- **Greiðsluþjónusta** með útgjaldadreifingu
- **Útgjaldadreifing** í Heimilisbanka á Netinu
- **Netklúbbur** Heimilislínu
- **Húsnæðislán** til allt að 25 ára
- **Ódýrari** bílalan Lýsingar
- Árgjald þjónustunnar er 7.500 krónur

SÉRKJÖR
HEIMILISLÍNUNNAR

//www.bi.is

BÚNAÐARBANKINN
Traustur banki



Olís menn fönðra á námskeiðinu.

Gullbrúin - áttak í menntamálum

Gullbrúin

Skemmtilegt námskeið fyrir félagsmenn Eflingar

„Mikið líf og gleði einkennir námskeiðin og eru þátttakendur sammála að þau hafi verið skemmtileg, áhugaverð og skilji eftir jákvæð viðhorf.“ Segir Marianna Traustadóttir hjá Starfsafli - starfsmennt Flóabandalagsins og Samtaka atvinnulífsins.

Starfsafl hefur í samvinnu við Skref fyrir skref staðið að námskeiðum sem hafa að markmiðið að undirbyggja starfsfólk til að takast á við breytingar, að auka skilning þess og yfirsýn á vinnumarkaði, að auka samstarfshæfni og sveigjanleika og fá starfsfólk til að endurmeta eigið ágæti og tjá sig af öryggi.

Gullbrúin nefnist námskeiðið, hugmyndin að baki er að hver einstaklingur er ómetanlegur

fjárjódur reynslu og þekkingar. Markmiðið er að leysa úr læðingi þekkinguna og brúa bilið á milli orða og athafna þar sem eitt af markmiðum Starfsafls er “að treysta stöðu einstaklinga á vinnumarkaði með því að gefa þeim kost á að efla og endurnýja þekkingu sína og gera þá hæfari til að takast á við ný og breytt verkefni.”

Fyrirtækjum var boðið að senda starfsmannahópa á námskeið og nú þegar hafa verið haldin nokkur námskeið m.s. hjá ISS-Ísland, starfsmönnum bensínafgreiðslustöðva hjá OLÍS og Íslenskum matvælum í Hafnarfirði. Fleiri námskeið eru á döfinni s.s. hjá Esso og NPS umbúðalausnum. Að námskeiðunum loknum verður tekin ákvörðun um áframhald

Veistu?

....að Efling-stéttarfélag býður félagsmönnum sínum lögfræðiaðstoð þeim að kostnaðarlausu.



Kátar konur hjá ISS-Ísland.

á verkefninu sem er að hvetja starfsmenn til að takast á við starfsmenntun og/eða símenntun.

Að lokum er bent á vefsíðu Starfsafls www.starfsafl.is þar sem fást upplýsingar um mark-

mið og reglur sjóðsins auk úthlutunarreglna varðandi einstaklingsstyrki. Einnig má hafa samband við Mariönnu Traustadóttur hjá Starfsafl.

Settu hlýjan svip á heimilið eða í sumarbústaðinn. Úrvalið er hjá okkur

Tré-

rimlagluggatjöld

- ✓ Mælum.
- ✓ Smíðum.
- ✓ Setjum upp.

Stuttur afgreiðslutími.



Z-brautir & gluggatjöld

• Faxaleið 14 | 108 Reykjavík | Sími 525 8200 | Fax 525 8201 | Netfang www.zeta.is •

Vinnustaðaheimsókn í Össur hf

Fréttablað Eflingar hefur á undanförunum mánuðum farið á vinnustaði og hitt Eflingarfélagið við ólík störf í ýmsum fyrirtækjum. Nú er komið að Össuri hf sem var stofnað árið 1971 í Reykjavík og þar hittum við fyrst Egil Jónsson, framleiðslustjóra og báðum hann að segja okkur hverskonar fyrirtæki Össur væri.

Það er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu og sölu á stoðtækjum. Við erum fyrst og fremst að þróa og framleiða og selja gervifætur um allan heim. Höfuðstöðvarnar eru á Íslandi og hér fer framleiðsla að mestu leyti fram. Fyrirtækið rekur einnig starfsemi í Bandaríkjunum, Hollandi, Svíþjóð og Bretlandi.



Frábær starfsandi

- segir Ólöf Dína Guðmundsdóttir

Í samsetningardeildinni hittum við Ólöfu Díonu Guðmundsdóttur sem er frá Vestmannaeyjum og spurðum hvað hún hefði starfað lengi hjá fyrirtækinu.

Ég er búin að vinna hér í tæp þrjú ár, fyrst í þökkun og svo fór ég að sauma styrktarsokka á hulsur sem fara á gervifætur.

Hvernig er vinnustaðan og starfsandinn í fyrirtækinu?

Vinnustaðan er mjög góð í björtum og rúmgóðum sal með góðri loftræstingu og starfsandinn er frábær. Við höfum mjög gott mótuneyti og góða búningsaðstöðu með læstum fataskápum þar sem starfsmennirnir geta skipt um fót og svo er aðstaða til að fara í sturtu eftir vinnu.

Hvernig er vinnutíminn?

Ég vinn frá sjö á morgnana til klukkan þrjú fimm daga vikunar.

Ertu sátt við launin?

Já, nokkuð. Þau eru betri en margur verkamaðurinn hefur í öðrum störfum.

Nú hjálpa stoðtæki sem þú tekur þátt í að framleiða fólki sem hefur lent í slysi eða öðrum áföllum til að komast betur af í lífinu. Hvernig tilfinning er það?

Mjög þægileg, maður er vel meðvitaður um fyrir hverja stoðtækin eru og hvað þau gera fyrir þá sem þurfa að nota þau og það snertir mann auðvitað mikið. Sérstaklega þegar sokkarnir eru litlir og eiga að fara á litla fætur svo að börnin komist aftur á tveim fótum út í lífið og geti horft bjartari augum á framtíðina.

Hvernig er félagsstarfið hjá starfsmönnum?

Við höfum starfsmannafélag sem er nokkuð virkt. Á morgun á t.d. að fara í Humarhúsið á Stokkseyri þar sem starfsmenn ætla að borða saman og svo á að fara í hestaferð 9. júní nk. frá Húsatóftum á Skeiðum. Þá höfum við farið í leikhúsferðir og síðasta árshátíð var haldin í Danmörku þannig að það er óhætt að segja að félagslífið sé nokkuð fjúrgt hjá okkur.

Hvert ferðu í sumarfrí?

Fyrst ætla ég að fara í sumarbústað við Gljúfurá í Borgarfirði um miðjan júní með fjölskyldunni í eina viku og svo fer ég aftur í þriggja vikna frí í júlí en það er óráðið ennþá hvert við förum.



Guðbergur Magnússon

Rólegt að vera trúnaðarmaður hér

Guðbergur Magnússon, trúnaðarmaður Eflingar stéttarfélags hefur starfað í tæp átta ár við samsetningar á ýmsum hlutum sem eru notaðir við stoðtækjasmíði og var önnur kafin þegar hann var ónáðaður og beðinn að segja hvernig sé að vera trúnaðarmaður starfsmanna og hvað fælist í starfinu?

Það er rólegt starf að vera trúnaðarmaður hér og ágreiningur kemur sjaldan upp og ef svo er þá er hann leystur strax. Öll vinnustaða og

aðbúnaður fyrir starfsmenn er til fyrirmyndar og vinnusvæðin eru rúmgóð, hreinleg og björt. Svo höfum við gott mótuneyti og búningaherbergi með læstum skápum þar sem við geymum fötin og vinnufötin sem fyrirtækið útvegar okkur. Einnig eru sturtur svo hægt sé að þvo sér eftir vinnu. Staða launamála virðist vera mjög góð allaveg heyrir ég ekki annað hjá félögum mínum og öll samskipti við stjórnendur hafa verið átakalaus.

Hvernig ætlaðu að eiða sumarfríinu?

Ég er að byggja sumarbústað austur í Grímsnesi og nota allan frítíma sem gefst til að vera þar við smíðar.



Jón Víkingsson

Fáum jákvæð viðbrögð úti í bæ

Jón Víkingsson, verkstjóri í silikondeild sagðist hafa byrjaði að vinna á framleiðslusviði fyrirtekisins fyrir þrem árum og gengið í ýmis störf fyrsta ári sem hefði komið sér mjög vel þegar hann fékk verkstjórastarfið.

Í silikondeildinni framleiðum við allar vörur sem innihalda silikon og okkar aðal framleiðsluvörur eru silikonhulsur sem eru settar á gervifætur til að tengja við líkamann.

Veitir það ekki starfsfólkinu aukna ánægju að vita að hulsurnar stuðla að því að auka hæfni fólks sem hefur lent í slysum til að standa á eigin fótum í lífinu?

Auðvitað er það svo og starfsfólkið er vel meðvitað um að gervifæturnir eru til að hjálpa fólki og stundum fær starfsfólkið jákvæð viðbrögð úti í bæ ef það kemur til tals við hvað það starfar.

Hvað ætlaðu að gera í sumarfríinu?

Ég fór með fjölskylduna á Vestfirði í fyrra sem var mjög gaman. Núna langar mig að halda áfram að skoða landið en við höfum ekki ákveðið neitt ennþá. Kannski förum við til Vestmannaeyjar. Mig hefur alltaf langað þangað.



Jakobína Guðmundsdóttir

Líkar vel að vinna hérna

Jakobína Guðmundsdóttir, byrjaði að vinna í þökkunardeildinni í september 1998. Hún sagði að starfið væri að hluta til gæðaeftirlit sem fælist í því að yfirfara silikonhulsur og taka gallaðar frá til að þær færu ekki í pakkana en þeir eru síðan merktir og settir á lager þar sem þeir biðu útflutnings.

Mér líkar mjög vel að vinna hér með góðu samstarfsfólki og er þökkalega sátt við launin.

Hvert ætlaðu í sumarfrí?

Ferðast innanlands og fara í veiðiferðir. Uppáhalds vatnið mitt er við hraunjaðar Hekluhrauns rétt hjá Galtalæk. Þar er alltaf mokveiði og frábært að vera með börn.

Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast
gerið skil hið fyrsta og forðist
vexti og kostnað.

Innheimtustofnun sveitarfélaga

Lágmúla 9, 108 Reykjavík
Sími 568 6099 - Fax 568 6299

Fjölskyldu- og styrktarsjóður

félagsmanna Eflingar – stéttarfélags sem starfa hjá Reykjavíkurborg:

Í kjarasamningi Eflingar – stéttarfélags og Reykjavíkurborgar sem gildir frá 1. febrúar 2001 áttu sér stað miklar breytingar á veikinda- og slysarétti borgarstarfsmanna. Félagsmenn Eflingar hafa nú sama veikinda- og slysarétt og aðrir opinberir starfsmenn eða allt að 360 daga (eitt ár) á fullum launum eftir 18 ára starf.

Breyting á veikindarétti er sem hér segir:

Peir sem tóku laun eftir kjarasamningi Dagsbrúnar og Framsóknar – stéttararfélags		
Starfsaldur:	Veikindaréttur var:	Nýr veikindaréttur:
Starfstími 0 til 1 mánuður	0 dagar	14 dagar full laun
Á öðrum mánuði	2 dagar	
Á þriðja mánuði	4 dagar	
Næstu 3 mánuði	6 – 12 dagar	35 dagar full laun
6 til 11 mánuðir	12 – 22 dagar	119 dagar full laun
Eftir 1 ár	30 dagar á fullum launum	133 dagar á fullum launum
Eftir 3 ár	30 dagar á fullum launum og 30 dagar á daglaunum	
Eftir 5 ár	30 dagar á fullum launum og 60 dagar á daglaunum	
Eftir 7 ár	Sama	175 dagar á fullum launum
Eftir 12 ár	Sama	273 dagar á fullum launum
Eftir 18 ár	Sama	360 dagar á fullum launum

*Starfsmenn á sérsamningum um kaupauka fengu einn mánuð til viðbótar.

Peir sem tóku laun eftir kjarasamningi Sóknar		
Starfsaldur:	Veikindaréttur var:	Nýr veikindaréttur:
Starfstími 0 til 1 mánuður	5 dagar þar af daglaun 2 daga	14 dagar full laun
Á öðrum mánuði	10 dagar þar af daglaun 2 daga	
Á þriðja mánuði	15 dagar þar af daglaun 2 daga	
Næstu 3 mánuðir	30 dagar full laun	35 dagar full laun
Eftir 6 mánuði	45 dagar full laun	119 dagar full laun
Eftir 1 ár	55 dagar full laun	133 dagar full laun
Eftir 3 ár	65 dagar full laun	
Eftir 5 ár	90 dagar full laun og daglaun 30 dagar	
Eftir 7 ár	Sama	175 dagar full laun
Eftir 10 ár	90 dagar full laun og daglaun 50 dagar	
Eftir 12 ár	Sama	273 dagar full laun
Eftir 15 ár	100 dagar full laun og daglaun 80 dagar	
Eftir 18 ár	Sama	360 dagar full laun

Um mat á ávinnslurétti (starfsaldur sem menn geta flutt með sér til Reykjavíkurborgar) segir m.a. í nýja kjarasamningnum:

„Við mat á ávinnslurétti starfsmanns skal auk þjónustualdurs hjá Reykjavíkurborg einnig telja þjónustualdur hjá stofnunum ríkis, sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum sem kostaðar eru að meirihluta til af almannafé. Á fyrstu 3 mánuðum samfelldrar ráðningar skal þó fyrri starfsaldur skv. þessari grein ekki

metin nema viðkomandi starfsmaður hafi samfelldan þjónustualdur hjá framangreindum launagreiðendum í 12 mánuði eða meira.“

Það er því mikilvægt að starfsmenn borgarinnar skili starfsvottorðum frá „opinberum“ aðilum til að sanna veikindarétt sinn. Þá þar líka að skila starfsvottorðum milli stofnana borgarinnar, þar sem stofnanir hennar hafa ekki aðgang að starfsferilsskrám eða launagreiðslum annarra stofnana.

Vegna þessarar miklu aukningar á veikinda-rétti fyrir starfsmenn Eflingar hjá Reykjavíkurborg breytast réttindi í nýjum sjúkrasjóði því framlag Reykjavíkurborgar í sjúkrasjóð Eflingar sem m.a. hefur staðið undir greiðslum sjúkradagpeninga fyrir félagsmenn lækkar úr 1% af öllum launum í 0,30% eða um 70%. Af því leiðir að styrktarkerfi Eflingar gagnvart þessum félagsmönnum tekur breytingum. Stofnaður hefur verið sérstakur sjóður, Fjölskyldu- og styrktarsjóður Eflingar- stéttarfélags.

Markmið fjölskyldu- og styrktarsjóðs er að stuðla að fyrirbyggjandi aðgerðum er snerta öryggi og heilsufar sjóðfélaga og taka þátt í kostnaði vegna endurhæfningar eða tengds kostnaðar:

Styrkir sem starfsmönnum Reykjavíkurborgar gefst kostur á hjá hinum nýja sjóði verða eftirtaldir: Eftir a.m.k. 3 mánuði í starfi: Grunnskoðun hjá Krabbameinsfélaginu. Eftir 12 mánaða samfelld starf: Styrkir vegna endurhæfingar (sjúkraþjálfun/kírópraktor/sjúkranudd), styrkir vegna líkamsræktar, framhaldskoðun hjá Krabbameinsfélaginu, áreynslu/pólpróf hjá Hjartavernd, styrkur til námskeiðs til að hætta reykingum, styrkur vegna endurhæfningar á Heilsustofnun í Hveragerði. Sjúkradagpeningar verða greiddir í sérstökum undantekningartilvikum og styrkir eins og fæðingarstyrkur og gleraugnastyrkur falla niður. Þar sem dánarbú starfsmanns borgarinnar sem deyr í starfi á rétt

á allt að þriggja mánaða fullum launum frá borginni, verða útfararstyrkir þrengdir þannig að einungis er greitt í undantekningartilvikum, hafi viðkomandi verið sjóðfélagi síðustu 5 ár fyrir starfslok og fjárhagsstaða dánarbúsins sé bág.

Félagsskírteini-afsláttarkjör

Efling-stéttarfélag hefur samið við nokkur verslunar- og þjónustufyrirtæki um afsláttarkjör til fullgilda félagsmanna gegn framvisun félagsskírteinis.

Um er að ræða bæði verslanir og má þar nefna meðal annars Meba í Kringlunni, Stúdíóblóm í Mjódd, Sjónarhól gleraugnaverslun, Barnafataversluninni Ólafía og Oliver í Glæsibæ, Álnabæ ásamt fleiri verslunum. Einnig höfum við fengið afsláttarkjör fyrir félagsmenn hjá Bifreiðaskoðun Fumherja, Hjólbarðahöllinni í Fellsmúla, Smur-bón- og dekkþjónustunni Sætúni 4, Bilaleigunni Bónus-Budget og Efnalauginni Björg, öllum útibúum þeirra.

Félagsmenn fá einnig mjög góð kjör hjá Skipholtsapóteki en það veitir bæði afslátt af vörum og allt frá 20% upp í 100% afslátt af lyfseðlum.

Athugið að afsláttarkjör gilda ekki á tilboðum og útsöluvörum.

www.flugfelag.is

...fljúguðu frekar

Freistandi ferðatilboð á flugfelag.is

einfalt
hratt
hagkvæmt

websales@airiceland.is
sími 570 30 30 - fax: 570 3001

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
- fyrir fólk vinnu og hlíð



Ný lög um leikskóla

Heimiluð ráðning án leikskólamenntunar

Á vorþingi Alþingis s.l. voru samþykktar lagabreytingar við lög um leikskóla. Í þeim lagabreytingum er í 1.gr. fjallað um aðalnámskrá leikskóla og um uppeldis og menntunarhlutverk leikskóla. Í 2.gr lagabreytinganna er að finna ný ákvæði sem heimila ráðningu fólks án leikskólamenntunar og að það taki þátt í að annast uppeldi og menntun barna undir stjórn leikskólakennara.

Fulltrúar Eflingar-stéttarfélagas hafa á undanförunum árum margítrekað átt viðræður við menntamálaráðherra um réttarstöðu starfsmanna í Eflingu-stéttarfélagi með tilliti til eldri

laga um leikskóla. Það er því fagnaðarefni að nú skuli loks vera búið að breyta lögum og viðurkenna þá staðreynd að um 60% starfsmanna leikskóla eru án leikskólakennaramenntunar og hafa í árána rás haldið leikskólum landsins gangandi. Samkvæmt könnun Talnakönnunar munu þessi hlutföll lítið breytast næstu 10 árin. Í framhaldi af þessum lagabreytingum verður mun auðveldara að skilgreina nýtt stutt starfsnám sem nú er að verða tilbúið. Sú starfsmenntabraut er ætluð starfsfólki á leikskólum og verður námið miðað við tveggja ára nám.

Efling-stéttarfélag

Viðtalstímar lögfræðinga

Minnt er á viðtalstíma lögfræðinga félagsins. Lögfræðingar frá Lögfræðiskrifstofu Atla Gíslasonar, þ.e. Atli Gíslason eða Karl Ó. Karlsson eru til viðtals á skrifstofum Eflingar á hverjum þriðjudegi frá kl. 13.00 - 16.00. Lára V. Júlíusdóttir er til viðtals fyrir félagsmenn annan hvern miðvikudag frá kl. 14.00 - 16.00.



Lára V. Júlíusdóttir



Atli Gíslason



Karl Ó. Karlsson

Námsflokkar Hafnarfjarðar Miðstöð símenntunar



Námsflokkar Hafnarfjarðar - Miðstöð símenntunar bjóða upp á fjölbreytt og gagnlegt nám fyrir alla aldurshópa.

- Erlend tungumál
- Handverks- og listgreinar
- Íslenska fyrir útlendinga
- Tölvunám
- Bókhald og rekstur
- Ýmis námskeið um fróðleg og framandi efni.
- Matshæft nám (prófanám) á framhaldsskólastigi í samstarfi við Flensborgarskóla.
- Aðstoð við skólanemendur.

Námsflokkar Hafnarfjarðar - Miðstöð símenntunar
Strandgata 31 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 585 5860
Kennsluaðstaða í Flensborgarskóla S: 585 5862
Netfang: namsflokkar@hafnarfjordur.is
Veffang: www.namsflokkar.hafnarfjordur.is

Yndislegt að veita börnum þessa ánægju -segja Hildur og Kristján

Hjónin Hildur Axelsdóttir og Kristján Finns-son reka kúabú að Grjóteyri í Kjós og á vorin síðastliðin 36 ár hafa þau tekið á móti leikskólabörnum í aðstöðu sem þau hafa komið sér upp innandyr og tengist fjósinu. Þar eru alls konar dýr á sveimi. Börnin fá að halda á nýfæddum lömbum og kyðlingum með aðstoð vinnukonunnar á bænum og líka á litlum hvolpum og kettlingum. Svo fá þau að gefa kálfunum að drekka,

klappa folaldinu og fara á hestbak. Þegar öllu þessu er lokið er ágætt að heilsa upp á kýrnar í fjósinu og þakka þeim fyrir mjólkina sem þær gefa okkur.

Á útisvæði við bæinn er hægt að setjast undir stýri á gömlum traktor og láta sem maður sé að keyra um slétt túnin í blíðskaparveðri. Eftir alla upplifunina er ágætt að bregða sér á leiksvæðið og prófa öll sérkennilegu heimatilbúnu leiktækin.



Hugrún Hildur, 4. ára, og Haukur Ingi Gunnarsson, 6. ára, með lömb í fanginu.



Hjónin Hildur Axelsdóttir og Kristján Finnsson.

Ánægð með ferðina

- segir Margrét Gísladóttir

Margrét Gísladóttir, leiðbeinandi var mjög ánægð með ferðina og sagði að börnunum þyki æðislega gaman að fá að kynnst dýrunum. Það væri mikil upplifun fyrir þau að komast í snertingu við dýrin í umhverfinu á bænum. Þetta er sennilega fimmta ferðin mín bæði sem foreldri og leiðbeinandi og það er alltaf jafn skemmtilegt, segir hún. Í þeim töluðu orðum kom Hugu Hildur fjögurra ára og vildi fá Margréti til að koma að róla á tunnunni sem búið var að setja á hnakk.

Hnakkurinn á tunnunni var sérstaklega vinsæll. Þetta er spennandi yfirreið um undraheima Grjóteyrar og nú er öllu liðinu boðið inn í bílskúr sem hefur verið breytt í veitingasal til að fá sér hressingu.

Í rútunni eru börnin síðan leyst út með gjöfum til minningar um skemmtilega ferð í sveitina. Að sögn Hildar hófst þetta ævintýri vorið 1964 þegar þau Kristján hófu búskap að Grjóteyri eftir að hún hafði lokið námi í Fóstruskólanum í Reykjavík. Þá höfðu skólasystur hennar samband við hana og vildu fá að koma með börnin sem voru á leikskólunum í heimsókn í sveitina til að sýna þeim dýrin og fræða þau um lífið í sveitinni. Síðan hlóð þetta upp á sig og síðustu 14 árin höfum við tekið á móti börnum í samstarfi við bændasamtökin. Það eru dæmi þess að börn hafi komið til okkar samfelt í 15 sumur og jafnvel að þau hafi komið með sín börn eftir að hafa stofnað fjöldskyldur til að leyfa þeim að komast í snertingu við sveitalífið. Það er yndislegt fyrir okkur hjónin að geta veitt börnunum þessa gleði, segja þau Hildur og Kristján.



Veitingahúsið
MENAM



Notalegur
veitinga- og
gististaður í
hjarta bæjarins

**ÞEGAR ÞÚ ÞARFT
AÐ LEIGJA BÍL**

4X4 BÍLAR OG FÓLKSBÍLAR

JP

**Bílaaleigan
Selfossi**

Símar: 482 4040 • 892 9612

Eyrarvegur 8 • Selfoss • Sími: 482 4099 • Fax: 482 3893



Útskrift fagnað með varaformanni Eflingar.

Leikskólastarismenn útskrifast

Einstaklega duglegur hópur

Þann 23.maí s.l. útskrifaðist glaður og kátur 38 manna hópur starfsmanna úr leikskólum. Við útskriftarathöfnina fluttu útskriftarnemar tvö söngatriði sem hafði verið hluti námsins. Mikil ánægja var hjá hópnum með námskeiðið og hafa margir áhuga fyrir að sækja sér frekari menntun á þessum starfsvettvangi. Var það mál kennara og umsjónarfólks námsins að þessi hópur hefði verið einstaklega duglegur og líflegur í öllu náminu og sýnt góðan árangur í hvívetna.

Árlega eru haldin námskeið fyrir starfsfólk á leikskólum og hafa þau nú verið rekin í 24 ár. Fyrsta árið var aðeins um eitt námskeið að ræða en fljótlega bættist annað námskeið við

og á árinu 1986 var fyrsta sérhæfninámskeiðið haldið. Á þessum árum hafa útskrifast á annað þúsund manns.

Mjög margir hafa öðlast þekkingu, færni og áhuga á þessum námskeiðum sem hefur orðið hvati til frekara náms. Námið hefur einnig gefið starfsmönnum aukin tækifæri til að takast á við starf sitt af meiri þekkingu og færni sem einnig skilar sér í ánægðara starfsfólki.

Námskeiðið spannar um 230 kennslustundir sem að mjög miklu leyti snýr að innra starfi leikskóla.

Smelltu á www.efling.is



Nemendurnir 38 sem útskrifuðust

Vinum saman Græðum Ísland

Landgræðslufræ

*Þarftu að græða upp mela og rofabörð eða rækta fallega grasflöt?
Þá eigum við hentugt fræ handa þér.
Hagstætt verð*

Ráðgjöf um val á fræi við mismunandi aðstæður

Landgræðsla ríkisins

Sími: 488-3000 Fax: 488-3010 Netf.: lgr@landgr.is



Landgræðsla ríkisins



Aðalfundur Eflingar

Krefjumst ábyrgðar í verðlagsmálum

Aðalfundur Eflingar – stéttarfélags varar við því ábyrgðarleysi að láta tímabundnar gengisbreytingar velta beint út í verðlagið. Slíkar ákvarðanir rýra kjör launafólks og heimilanna í landinu. Sá gamli hugsunarháttur að fyrirtækin reyni að bjarga hagsmunum sínum með því að velta hækkunum út í verðlagið, endar með því að þjóðfélagið læsist á ný inn í vítahring verðbólgunnar.

Efling krefst þess að fyrirtæki og stjórnvöld sýni sömu ábyrgð og launafólk hefur sýnt. Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði hvíla á þeirri forsendu að verðbólga fari lækkanði. Það er sameiginlegt hagsmunamál allra aðila, jafnt fyrirtækja launafólks og stjórnvalda, að markmið samninganna um stöðugleika í efnahagsmálum nái fram að ganga.

Pegar gengi íslensku krónunnar styrktist á síðasta ári skilaði það sér ekki sjálfvirk í verðlækkunum á innfluttum vörum. Gengishagnaðinum var haldið með hærri álagningu.

Olúfélögin hafa lengi haldið því fram að þau séu nær alveg bundin af gengisþróun og verði á olíumörkuðum erlendis og því fylgi verð á bensíni sjálfkrafa breytingum á gengi og verði erlendis. Nú kemur í ljós að samhengið milli gengis, verðs á olíumörkuðum og útsöluverðs hér heima er ekki sjálfvirk þar sem olúfélögin auglýsa nú mismunandi verð á eldsneyti.

Skýrsla Samkeppnisstofnunar sýnir víðtækt verðsamráð og óeðlilega viðskiptahætti með grænmeti í skjóli ofurtolla. Efling-stéttarfélag fordæmir þessa verslunarhætti sem eru atlaða að launafólki. Efling hvetur um leið fyrirtæki í verslunarrekstri til að sýna ítrustu ábyrgð og efla samkeppni til að endurvinnna traust almennings í landinu. Skriða verðhækkana nú mun rýra það traust sem eftir er og um leið skaða íslenskt efnahagslíf með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Vangreidd laun

Mikil aukning undanfarið

Töluverð breyting hefur orðið síðustu mánuði hvað varðar vangreidd laun í bygginga og jarðvinnugeiranum. Þetta kemur fram á skrifstofu Eflingar þar sem starfsmenn hafa orðið mjög mikið varir við þessi umskipti.

Mun fleiri starfsmenn í þessum geira hafa leitað til félagsins undanfarna mánuði vegna vangreiddra launa, dráttar á launagreiðslum og ólöglegra uppsagna.

Mikil vinna hefur verið í þessum atvinnugreinum undanfarin ár og er reyndar enn. En ljóst er að mörg fyrirtæki á þessu sviði eru nú í einhverjum greiðsluerfiðleikum.

Til félagsins leita margir starfsmenn sem vinna á veitinga- og gististöðum og er það viðvarandi ástand. Þar eru of margir atvinnurekendur sem hafa aldrei ætlað sér að borga rétt laun eða laun yfir höfuð.

Í byggingageiranum er þetta hins vegar nýtt því í „góðærinu“ undanfarin ár hefur ekki staðið á launagreiðslum til starfsmanna þar.



Þetta vekur upp spurningar um það hvort „góðærinu“ sé að ljúka eða hvort að um tíma-bundið ástand sé að ræða.

Það skal ítrekað hér að starfsmenn þurfa að leita til félagsins strax ef þeim er sagt upp því að öðrum kosti geta þeir verið að tapa réttindum varðandi laun á uppsagnarfresti.

...og kroppurinn blómstrar

FRÍ HEIMSENDING
ef þú kaupir
fyrir 1500 kr.
eða meira

VEITINGA & VÖRUHÚS

NINGS

Suðurlandsbraut 6 Reykjavík sími 588 9899 • Hlíðarsmára 12 Kópavogi sími 544 5222

Sumarlokun skólanna

Mikilvægt að námskeiðin séu ódýr

- segir Anna Guðný Björnsdóttir


Margir foreldrar þurfa að leysa ýmis vandamál þegar skólafrúin hefst í byrjun sumars. Anna Guðný Björnsdóttir, gangnavörður í Hjallaskóli í Kópavogi á fimm börn á aldrinum tveggja til sautján ára og aðspurð sagði hún að þau hjónin hefðu oft þurft að leita til ættingja með pössun meðan skólinn væri lokaður.

Nú er boltinn farinn að rúlla á knattspyrnuvöllunum og þá fara krakkarnir í keppnisferðir út á land og það kostar sitt.



Tvö elstu börnin fóru til foreldra minna upp í sveit, segir hún en þau fóru einnig á leikjannámskeið sem gátu verið mjög kostnaðarsöm. Í sumar þurfum við að útvega pössun fyrir yngri börnin og eldri börnin hjálpa mikið til en það kemur þá niður á sumarvinnunni hjá þeim.

Stundum get ég tekið þau með mér í vinnuna og svo er ætlunin að tvö börn fari á leikja-



Kostnaður vegna tómstundastarfa fyrir börnin getur oltið á tugum þúsunda í sumar, segir Anna Guðný.



námskeið í ágúst ef eitthvað verður í boði. En því miður virðist mesta framboðið vera í júní og júlí en minnst í ágúst þegar margt fólk er farið að vinna aftur eftir sumarleyfi. Hvað kostnaðinn varðar þá eru sumarnámskeið misjafnlega dýr en miðað við tímann sem börnin eru þar og atlatið sem þau fá þá held ég að verðið sé oftast í lagi. En ég er ekki farin að kynna mér það fyrir þetta sumar, segir hún. Það ætti að vera takmarkið að hafa sumarnámskeiðin það ódýr að sem flestir foreldrar geti sent börnin sín á þau þeim til góðs. Nú er boltinn farinn að rúlla á knattspyrnuvöllunum og þá fara krakkarnir í keppnisferðir út á land og það kostar sitt. Þannig að kostnaður vegna sumarlokunar skólanna og tómstundastarfa barnanna getur oltið á tugum þúsunda króna á mínu heimili í sumar.

Mikill verðmunur á íþróttanámskeiðum

Skólabjallan hefur hringt inn í síðasta skipti á þessu skólaári. Börnin hafa beðið óþreyjufull eftir því að klára skólann og eyða næstu þremur mánuðum við íþróttaiðkun og leik allan daginn. Einn vandi fylgir þó þessu langa sumarleyfi. Foreldrar hafa ekki eins langt sumarleyfi og börnin og þar af leiðandi verða þeir að setja börnin í vistun yfir sumartímann.

Vinsælasta vistunin er sennilega íþrótt- og leikjanámskeið ýmisskonar. Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur býður upp á ýmis námskeið í samvinnu við félagsmiðstöðvar en einnig eru íþróttafélögin með námskeið fyrir börn og verður

þeim gerð skil hér. Mikill fjöldi barna tekur þátt í þessum námskeiðum en fjölmennust eru íþrótt- og leikjanámskeið og knattspyrnuskólar.

Hverjir eru með námskeið?

Kannað var framboð á námskeiðum fyrir börn í Reykjavík, Hafnarfirði og Kópavogi. Kannað var verð hjá ÍTR, Reykjavíkurfélögunum Fjölni, Fylki, Þrótti, Leikni, ÍR, KR og Víkingi. Hjá Breiðabliki og HK í Kópavogi, Æskulýðs og tómstundaráði Hafnarfjarðar, FH og hjá knattspyrnufélaginu Haukum.

Knattspyrnuskólar

Öll félögin bjóða upp á knattspyrnuskóla en yfirleitt er knattspyrnuskólinn hálfan daginn. Tvö félög Þróttur og Haukar bjóða upp á knattspyrnuskóla bæði fyrir og eftir hádegi. Námskeiðin vara í tvær vikur og eru þau á bilinu tveir til þrír klukkutímar. Öll félögin fyrir utan Breiðablik bjóða upp á gæslu áður en námskeiðið byrjar Fjölnir og HK rukka aukalega fyrir gæsluna. Hjá HK kostar skiptið í gæslu 150 kr. en níuhundruð á viku hjá Fjölni.

Ef reiknaður er út kostnaður á hvern klukkutíma miðað við 2 vikna námskeið að gæslu frátalinni er dýrasta námskeiðið hjá Þrótti en þar kostar námskeiðið 250 kr. klukkutíminn. Ódýrustu námskeiðin eru hjá

FH, HK, ÍR, Leikni og Víking en þar kostar klukkutíminn 133 kr. Munurinn á dýrasta og ódýrasta námskeiðinu því 88 prósent. Hjá Þrótti fá allir þátttakendur Nike fótbolta og Nike stuttermabol en Fjölnir gefur einnig fótbolta. Flest félögin gefa annaðhvort bol eða litla gjöf og einnig eru haldnar lokaveislur í lok námskeiða. Þróttur er einnig með svokallað úrvalsdeildarnámskeið eina viku í júlí. Námskeiðið stendur frá kl. 09-16.00 og er einkum ætlað þeim sem lengra eru komnir í knattspyrnu. Ian Rush mun ásamt aðstoðarmönnum kenna á því námskeiði. Það kostar 12.500. Í fyrra sóttu u.þ.b. 150 börn námskeiðið.

1/2 DAGUR	Verð í 2 vikur	Aldur	Tími daglega	Fjöldi tíma í vistun	Systkina- afsláttur	Afsláttur v/fleiri námskeiða	Gæsla fyrir/eftir námskeið	Greitt fyrir gæslu	Kostnaður á klst.	
Fjölnir	5500	6-10	9-12	3	20%	Nei	8-9	Já	183	Allir fá fótbolta og bol
Fylkir	4000	5-12	9:30-12	2,5	50%**	Já	8:30-9:30 12-13	Nei	160	Allir fá bol og lokahátíð
Þróttur	7500	5-12	9-12 13-16	3	10%	Já	7:45-9 16-17:15	Nei	250	Allir fá fótbolta og bol
KR	5500	6-12	9-12	3	já	Já	8-9	Nei	183	Allir fá bol og lokahátíð
Leiknir	4000	5-12	9-12	3	já	Já	8-9	Nei	133	Allir fá bol og lokahátíð
ÍR	3600	5-12	9-12	3	já	Já	8-9	Nei	133	Allir fá bol
Víkingur	4000	5-12	9-12	3	já	???	8-9	Nei	133	Allir fá bol, medalíu og lokahátíð
HK	4000	6-12	9-12	3	20%	***	8-9	Já	133	Allir fá glaðning frá Puma
Breiðablik	4000	6-10	13-15:30	2,5	Nei	Nei	Nei	???	160	Allir fá lokaveislu
FH	4000	6-10	13-16	3	50%	Já	16-17	Nei	133	Allir fá bol og lokaveislu
Haukar	5000	5-13	9-12 13-16	3	Nei	Nei	8-9 16-17	Nei	167	Lítill gjöf og lokaveisla

Íþrótt- og leikjanámskeið

Fimm íþróttafélög ásamt ÍTR og ÆTH bjóða upp á íþrótt- og leikjanámskeið í sumar. Þessi félög eru Fjölnir, ÍR, Víkingur, Breiðablik, HK, ÍTR og Æskulýðs og tómstundaráð Hafnarfjarðar ÆTH. Allir nema Víkingur bjóða upp á námskeið allan daginn og einnig er hægt að velja hálfan dag ef óskað er eftir því. Námskeiðin hjá Víkingi eru fyrir hádegi. Á flestum stöðum er hægt að kaupa námskeið eina viku í senn en í þessum samanburði er gert ráð fyrir tveggja vikna námskeiði hálfan daginn. Allir aðilar bjóða upp á systkinaafslátt en mismikinn og misjafnt er hvort veittur er afsláttur vegna fleiri námskeiða. Fjórir aðilar rukka aukalega fyrir gæslu og það eru Fjölnir, Breiðablik, HK og ÍTR. Gæslan hjá Fjölni kostar níuhundruð á vikur fyrir hvorn part námskeiðsins, þ.e.a.s. ef þú ert með barn allan daginn á námskeiði og þarft auka gæslu bæði fyrir og eftir hádegi þá kostar það 1800 kr. Gæslan hjá ÍTR kostar það sama og hjá Fjölni. Kópavogsfélögin HK og Breiðablik rukka 150 kr. fyrir hvert skipti í gæslu.

Ef reiknaður er út kostnaður á hvern klukkutíma miðað við 2 vikna námskeið hálfan daginn að gæslu frátalinni er ódýrasta námskeiðið hjá ÆTH Hafnarfirði en þar kostar klukkutíminn 67 krónur. Dýrasta námskeiðið er hjá

Fjölni en þar kostar klukkutíminn183 kr. Verðmunurinn er 173%. Ódýrasta heilsdagsnámskeiðið er einnig hjá ÆTH en klukkutíminn þar kostar 57 krónur en dýrasta heilsdagsnámskeiðið er hjá Breiðablik en þar kostar klukkutíminn 143 kr. og er verðmunurinn 151%.

Á flestum námskeiðum fá börnin bol og lokaveislu í lok námskeiðsins. Hjá ÆTH er þó aðeins ein sameiginleg lokaveisla í júlí og eru þá allir þátttakendur sumarsins velkomnir.

Ekki tæmandi úttekt

Þessi grein er er skrifuð með það að sjónarmiði að veita foreldrum einhverjar upplýsingar um tómstundastarf sumarsins. Greinin er alls ekki tæmandi og vil ég benda foreldrum á að nánari upplýsingar er t.d. hægt að fá í sumarþæklingi ÍTR.

Námskeiðunum sem gerð eru skil hér eru ef-laust eins misjöfn og þau eru mörg. Eftir að hafa talað við forsvarsmenn námskeiðana þá komst ég í raun um að ýmislegt skemmtilegt fer fram á námskeiðunum og farið er t.d. í sund eða styttri ferðir.

Hafið það gott í sumar!

Þetta efni er unnið í samstarfi við Neytenda-samtökin. ÚR/ÁÝÞ

1/2 DAGUR	Verð í 2 vikur	Aldur	Tími daglega	Fjöldi tíma í vistun	Systkina-afsláttur	Afsláttur v/fleiri námskeiða	Gæsla fyrir/eftir námskeið	Greitt fyrir gæslu	Kostnaður á klst.	
Fjölnir	5500	6-10	9-12	3	20%	Nei	7:45-9 16-17	Já	183	Bolur og veisla í lok námskeiðs
ÍR	3600	5-9	9-12 13-16	3	20%	Já	7:45-9 16-17:15	Nei	120	Bolur og veisla í lok námskeiðs
Víkingur	4000	5-12	9-12	3	já	Já	8-9	Nei	133	Bolur og veisla í lok námskeiðs
Breiðablik	4500	6-10	9-12 13-16	3	20%	Nei	8-9 16-17	Já	150	Bolur og veisla í lok námskeiðs
HK	4000	6-10	9-12 13-16	3	20%	Samk.	8-9 12-13	Já	133	Veisla í lok námskeiðs
ÍTR	3600	6-9	9-12 13-16	3	20%	Já	7:45-9 16-17:15	Já	120	
ÆTH Hafnarfirði	2000	7-9	9-12 13-16	3	50%	Nei	8-9 16-17	Nei	67	Lokahátíð í lok júlí

Kostnaður á klst.	1/2 dagur	1/1 dagur
ÆTH Hafnarfirði	67	57
ÍTR	120	89
ÍR	120	89
Víkingur	133	
HK	133	
Breiðablik	150	143
Fjölnir	183	89

1/1 DAGUR	Verð í 2 vikur	Tími daglega	Fjöldi tíma í vistun	Kostnaður á klst.	Matur	
Fjölnir	10.000	9-16	7	143	Nesti	Bolur og veisla í lok námskeiðs
ÍR	6800	9-16	7	97	Nesti	Bolur og veisla í lok námskeiðs
Breiðablik	10.000	9-16	7	143	Heitur matur	Bolur og veisla í lok námskeiðs
HK						Leitið upplýsinga hjá HK
ÍTR	6800	9-16	7	97	Nesti	
ÆTH Hafnarfirði	4000	9-16	7	57	Nesti	Lokahátíð í lok júlí


Grænir fingur í Heiðmörk

Eflingarfélagar á hugarflugi



Laugardaginn 26.maí s.l. fóru nokkrir Eflingarfélagar ásamt gestum þeirra til gróðursetningar í reit félagsins í Heiðmörk. Veðrið var eins gott og hugsast gat en það hvítleiða dýr mýflugan gerðist stundum nokkuð áleitin við gróðursetjara enda stafalogn. Settar voru niður rúmlega 250 plöntur af birki, furu og lerki. Verkið hófst fyrir hádegi og stóð nær hvíldarlaust til kl.14.00. Þá þraut hrossataðið, þetta lostæti plantnanna, og varð ekki meira að gert í þetta sinnið. Fjórtán kollar voru í hópnum, reyndar ekki allir háir í loftinu en allir gerðu sitt besta og voru áhugasamir.

Pegar gróðursetningu var lokið settist fólk að hressingu sem voru frábærar langlokur, kók og prins póló. Undir "borðum", ræddi fólk um framtíð reitsins og fóru sumir á mikið hugarflug. Sáu menn fyrir sér hávaxin tré og fagra lundi með borðum, bekkjum og góðu grilli þar sem Eflingarfélagar framtíðarinnar með græna fingur komi saman og geri sér glaðan dag. Trúlega getum við komið okkur upp borðum og bekkjum og líka grilli í nálægðri framtíð. Eitthvað lengra verður þar til þessar fallegu en veikburðu plöntur sem við plöntuðum út verða orðnar að hávöxnum trjám. Við getum þó verið viss um að þau verða fullvaxin á þessari öld.



Sumarferðir komnar á flug



Nær fullbókað í allar ferðir

**-ennþá hægt að komast
í Þórsmörk og dagsferðina
og ferðina um Austurland**

Fyrsta sumarferð Eflingar-stéttarfélags hófst 26.maí s.l. og var hún fullbókuð. Ferðin var farin í Alpahéruð Mið-Evrópu og fréttir af ferðalöngunum eru hér á öðrum stað í blaðinu.

Seinni ferðin um Alpana hófst svo 10.júní og er einnig fullbókuð.

Sumarferð um Vestfirði um Jónsmessuna er fullbókuð og langur biðlisti.

Þórsmörkurferð 27-29.júlí er skipulögð sem gönguferð og getur fólk fengið leiðsögn hjá reyndum fararstjóra um gönguferðir í óbyggðum. Ennþá eru nokkur sæti laus í Þórsmörk. Lengsta sumarferðin er svo austur að Eiðum en hún er í lok júlí og eru örfá sæti laus í svefn-pokapláss.

Smelltu á www.efling.is

Svignaskarð


Nýtt og glæsilegt orlofshús



Um síðustu mánaðarmót maí/júní tók Efling nýtt orlofshús í notkun í Svignaskarði. Áður hafði hús af eldri gerð orlofshúsa staðið þar sem hið nýja hús stendur nú. Húsið er mjög glæsilegt eins og meðfylgjandi myndir bera með sér sem voru teknar þegar Sveinn Ingvason og Ingi Ingason voru að flytja innanstokksmuni og húsgöng í húsið.

Eldra húsið var á sínum tíma selt af svæðinu og nokkur tími leið þar til ákveðið var að byggja nýtt hús. Húsið er af sömu gerð og nýju orlofshúsin um 57 m². að stærð.

Jón Eiríksson, byggingarmeistari á Blönduósi byggði húsið sem er vandað og vel frá gengið á allan hátt. Heitur pottur er að sjálf-sögðu við húsið. Unnið hefur verið að því í vetur og raunar á undanförunum misserum að yfirfara orlofshús félagsins og lagfæra og eru því flest öll í mjög góðu ástandi. Mörg þeirra hafa fengið umtalsverða lagfæringu. En á hitt ber að líta að orlofshús félagsins eins og önnur mannvirki þurfa stöðugt eftirlit og viðhald svo þau geti verið félagsmönnum afdrep til hvíldar og skemmtunar.



Prófanám - Frístundanám

- Öldungadeild á grunn- og framhaldsskólastigi
- Fjölbreytt tungumálanám
- Verklegar greinar og myndlistarnámskeið
- Námsaðstoð fyrir skólafólk
- Kennsla fyrir börn í norðurlandamálum, þýsku og leiklist
- Sérkennsla í lestri og skrift
- Skokknámskeið fyrir byrjendur og vana skokkara

Upplýsingar í sínum: 551 2992 og 551 4106.

Kennsla fer fram í Miðbæjarskóla, Fríkirkjuvegi 1 og í Mjódd.

Svo lengi lærir sem lifir



t.h. Kristinn H. Þorsteinsson, garðyrkjustjóri. Ólafur Viðarson, sem sinnir ýmsum verkum þar á meðal gróðursetningu, garðslætti og umhirðu allskonar og þrífum innanhúss og Helga Lilja Björnsdóttir, verkstjóri sem vildi ekki staðfesta að hún væri með græna fingur.

Heimsókn í garðyrkjudeild Orkuveitu Reykjavíkur í Elliðarárdal

Starfssviðið mjög fjölbreytilegt

- segir Kristinn H. Þorsteinsson, garðyrkjustjóri

Hjá Orkuveitu Reykjavíkur er starfandi garðyrkjudeild sem hefur umfangsmikið starfssviðað og er með höfuðstöðvar í gömlu Rafstöðinni í Elliðarárdalnum sem var byggð 1921 og er orðið nokkurskonar fræðslusetur. Það hittum við Kristinn H. Þorsteinsson, garðyrkjustjóra og báðum hann að segja okkur hvaða starfsemi færi fram hjá þeim.

Kristinn segir að starfssviðið sé mjög fjölbreytilegt. Fyrst má nefna að við höfum umsjón með lóðum fyrirtækisins sem eru eitthvað um 600 talsins og sjáum um alla umhirdu sem fer aðalega fram á sumrin. Þar er lóðin í kringum Perluna kannski þekktust og Elliðaárdalurinn. Svo eru jarðir eins og Nesjavellir og Úlfjótavatn í okkar umsjón og þar hefur verið í framkvæmd stórt átak í landgræðslu. Á veturna snúum við okkur að öðrum þáttum eins og snjómokstri og hálkuvörn og jafnframt erum við mikið í viðgerðum eftir jarðlínuflokka sem felst í hellulögnum, viðgerð á grasi,

steypuvinnu, flutningi á trjám og ýmsu fleiru. Síðan höfum við umsjón með inniblómum sem er gríðarlega mikið af í öllu fyrirtækinu. Um jólin snýst lífið um jólatré og skreytingar.

Við komum líka að fræðslumálum og á hverju ári heimsækja okkur 6000 skólabörn að Skólaskógum á Úlfjótavatni og gróðursetja plöntur í merka reiti og fá fræðslu. Fastir starfsmenn hafa verið 5-7 og svo eru ráðnir verktakar í hin ýmsu verk. Í sumari koma 50 skólakrakkar til starfa og sjá um að slá grasið og snyrta blómabeðin og sitthvað fleirra.

Varðandi hvaða planta sé vinsælust hjá okkur þá held ég að það sé birkið. Í lokin má geta þess að það verður þreföld afmælishátíð í Elliðarárdalnum í sumari. Rafstöðin verður 80 ára, upphaf skógræktar 50 ára og félagsheimilið 40 ára og garðyrkjudeildin mun leiða vinnuna við afmælishátíðina.

Verður sól í allt sumar

- segir Sigrún Sigmundsdóttir

Sigrún Sigmundsdóttir, nemi í Verslunar-skólanum var mætt til vinnu og aðspurð sagðist hún vera ánægð að vera komin aftur til starfa en hún vann hjá garðyrkjudeildinni í fyrra líka. Vinnan er aðallega fólgin í því að slá gras, reita arfa og leggja þökur. Launin eru ágæt og aðbúnaður allur ágætur nema að það er búið að taka vatnskælinn sem við gátum fengið okkur kalt vatn að drekka úr og ég vil fá hann aftur. Veðrið leggst vel í mig og ég býst við að það verði sól í allt sumar, segir hún.



Gott starf

- segir Jóhanna Sveinbjörnsdóttir

Jóhanna Sveinbjörnsdóttir, er í Verslunar-skólanum og þetta er fyrsta sumarið hennar hjá garðyrkjudeildinni. Hún sagði að þetta sé gott starf sérstaklega þegar veðrið er gott. Við vorum að tyrfa og svo er ég að snyrta beð og svolleiðis. Launin eru fín miðað við svona úti-vinnu. Starfsaðstaðan er mjög góð. Við erum með góða kaffiteríu og fáum heitan mat. Vonandi tekst mér að safna einhverjum pening fyrir veturinn. Það er nú einu sinni tilgangurinn með þessu.

Veistu?

....að Efling-stéttarfélag býður félagsmönnum sínum lögfræðiaðstoð þeim að kostnaðarlausu.

Gott að vera úti

- segir Elliði Gylfason

Elliði Gylfason, byrjaði í sumarvinnunni fyrir þrem vikum. Þetta leggst mjög vel í mig. Það er gott að vera úti og ég held að vinnan sé létt en það á eftir að koma í ljós hvort hún er sérstaklega skemmtileg. Launin eru prýðisgóð og starfsaðstaðan mjög góð. Svo á krökkunum eftir að fjölga og þá á ég von á miklu fjöri, segir hann



Hrefna Magnúsdóttir

Sér um pappírsvinnuna

Hrefna Magnúsdóttir, garðyrkjufulltrúi sér um alla pappírsvinnu á skrifstofunni og lætur sér ekkert óviðkomandi þar og starfar líka mikið að fræðslumálum.

Svo á hún það til að bregða sér með sand á bíl út í bæ til að dreifa á hálkubletti ef neyðarkall berst því garðyrkjudeildin er fáliðuð.

ÓSKUM FÉLAGSMÖNNUM EFLINGAR GLEÐILEGS SUMARS



Guðmundur Jónasson ehf.

Ferðaskrifstofa
Gæðheimili
Sérlyftu- og höfðeys
Borgartún 34, Reykjavík
Sími 511 1515 Fax 511 1511
Email: gj@gj.is
www.gj.is



LYFJAÞRÓUN • HUGVIT • GÆÐI
www.delta.is



Borgarverkfræðingur

Skúlatúni 2 • 105 Reykjavík
Sími 563 2310 Fax 562 4034



MEISTARAFÉLAG HÚSASMÍÐA

SMÍÐIÐ IS - HÚS SMÍÐIÐ - HÚS SMÍÐIÐ - HÚS SMÍÐIÐ

Deloitte
& Touche



RAFIÐNAÐARSKÓLINN
Skeifan 11b • Sími 568 5010



Vinnustaðasamningar

Öryggismiðstöð, Höfði og Sorpa



Nýlega er lokið gerð vinnustaðasamninga við Öryggismiðstöð Íslands og Malbikunarstöðina Höfða. Báðir þessir samningar eru hinir fyrstu sem gerðir eru við þessi fyrirtæki. Nú er nýlukið vinnu við gerð fyrsta vinnustaðasamnings við Sorpu, bæði móttökustöðina og endurvinnslustöðvarna.

Til viðbótar þeim aðalkjarasamningum sem Efling-stéttarfélag gerir við SA, Reykjavíkurborg, ríkið og fleiri eru einnig gerðir fjölmargir vinnustaðasamningar.

Í vinnustaðasamningi liggur ævinlega einhver aðalkjarasamningur til grundvallar. Þau atriði sem tekin eru út úr aðalkjarasamningi og samið sérstaklega um eru auðvitað launin en einnig vinnutíminn og matar- og kaffitímar. Einnig er svo samið um ýmis sérmál sem snerta þá sérstaklega störfín hjá viðkomandi fyrirtæki. Þar má t.d. nefna: vaktir, bakvaktir, vinnufatnað, starfsmenntun og starfstengd námskeið.

Reynslan af vinnustaðasamningum er ágæt. Með slíkum samningi er þá búið að setja inn í einn samning alla meginþætti sem gilda fyrir félagsmenn Eflingar í fyrirtækinu þannig að enginn á að þurfa að velkjast í vafa um réttindi sín og skyldur. Slíkt er auðvitað mikill kostur.

Trúnaðarmaðurinn á vinnustaðnum gegnir mjög mikilvægu hlutverki í gerð vinnustaðasamningsins. Hann er fulltrúi félagsmannana gagnvart fyrirtækinu og fær að sjálfsögðu alla aðstoð sem þarf hjá starfsmönnum félagsins, jafnt við undirbúning samningsins sem og viðræður við atvinnurekandann.

Meðfylgjandi mynd er frá afgreiðslu vinnustaðasamningsins hjá Malbikunarstöðinni Höfða hf.



Sendum um land allt.



LYKLASMÍÐI OG LÁSAVIÐGERÐIR

Landsins mesta úrval af lykllum og lykllaefni

Allar lásaviðgerðir og breytingar **ASSA**
Bílar, hús, hirslur, mótorhjól, vinnuvélar o.fl. masterkerfi

Seljum svissa og cílendra í flestar gerðir bifreiða

Smíðum og setjum upp allar stærðir af lyklakerfum fyrir fyrirtæki stofnanir og heimili
Við komum á staðinn og veitum ráðgjöf þér að kostnaðarlausu

Í verslun okkar er gott úrval rafmagnsverkfæra á góðu verði

Peningaskápar í flestum stærðum fyrir heimili og fyrirtæki

Neyðaropnanir

893 1820

Sérverslun og verkstæði með lykla, læsingar og skyldar vörur.

NEYÐARÞJÓNUSTAN

Laugavegi 168, 105 Reykjavík, Sími: 562 5213, Fax: 562 5278

Leikskólar Reykjavíkur

Starfsfólk ánægt með starfsandann



**Þörf er á að draga úr ýmsum
líkamlegum álagseinkennum**



Myndir með þessari grein eru ekki tengdar verkefnum.

Hjá Leikskólum Reykjavíkur stendur nú yfir viðtækt verkefni á sviði heilsuefningar. Verkefnið er unnið í samstarfi við Vinnueftirlit Ríkisins og er markmiðið að bæta vinnuumhverfi, heilsufar og líðan starfsfólks leikskólanna. Verkinu var hrundið af stað sem tilraunaverkefni í 16 leikskólum af 76 í maí í fyrra og er fyrsta skrefi þessarar könnunar á vinnuumhverfi og líðan starfsfólks nú lokið.

Rannsóknin leiddi margt fróðlegt í ljós. Starfsandinn reyndist ákaflega góður, 89% starfsmanna telja hann afslappaðan og þægilegan. Lítið fer fyrir togstreitu. Þá finnst starfsfólki það hafa nægan tíma til að sinna börnunum vel.

Niðurstöður sýna einnig að starfsfólk leikskólanna er yfirhöfuð ánægt með starfsumhverfi sitt en jafnframt að þörf er á að draga úr ýmsum líkamlegum álagseinkennum. Einkenni frá stoðkerfi eru algeng meðal starfsmanna, en

94% starfsmanna reyndust hafa fundið fyrir einhverjum slíkum einkennum sl. 12 mánuði. Orsakir líkamlegra einkenna geta verið margvíslegar en hávaði, lágar vinnuhæðir og ónóg þekking á líkanmsbeitingu eru meðal helstu skýringa á þeim.

Unnið er að úrbótum sem felast í fræðslu, breytingum á húsbúnaði og nýjum hjálpartækjum. Að loknum endurbótum mun síðan fara fram mat á því hversu vel þær hafa skilað sér.

Efling-stéttarfélag veitti verkefnum styrk sem m.a. verður notaður til kaupa á nýjum hjálpartækjum sem mæla hávaða í starfsrými.

Efling-stéttarfélag bindur miklar vonir við að verkefni af þessum toga eigi eftir að bæta vinnuumhverfi starfsmanna mun víðar enda mun reynslan af þessu verkefni t.d. hafa áhrif á skipulag og húsbúnaðarkaup Leikskóla Reykjavíkur í framtíðinni.

VST
Verkfræðistofa
Sigurðar Thoroddsen hf.

Tjónumat vegna jarðskjálfa
 Kárahnjúkavirkjun
 Norðurhl á Grandartanga

VST Ármula 4, 108 Reykjavík • Sími: 509 5000 • Bréfasmi: 509 5010 • Netfang: vst@vst.is • Vefbúnaði: www.vst.is

Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema 8.000,- krónum
Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag /Krossgátan • Sætún 1 • 105 Reykjavík
Svar þarf að berast fyrir 1. ágúst n.k.



Krossgátan

Guðmundur Örn Árnason fékk verðlaunin

Mikill fjöldi félagsmanna tók þátt í að leysa verðlaunakrossgátu síðasta fréttablaðs Eflingar. Dregið var úr réttum lausnum og sá heppni var Guðmundur Örn Árnason sem var starfsmaður hjá Securitas en lét af störfum þar fyrir um ári síðan sökum aldurs. Myndin var tekið þegar Fjóla Jónsdóttir afhenti Guðmundi Erni verðlaunin fyrir réttu lausnina.



Vinsæl sumargetraun

Ljóst er að sumargetraun Fréttablaðsins var víða vinsælt úrlausnarnefni því fjöldi lausna barst til skrifstofu Eflingar. Þegar dregið var úr réttum lausnum kom í ljós að Sveinn Birgisson hlaut vinninginn. Sveinn er starfsmaður hjá Orkuveitu Reykjavíkur og var meðfylgjandi mynd tekið þegar honum var afhent verðlaunaféð.

Lausn síðustu krossgátu

	A	B	C	D	E	F	G	H	I	J	K	L	M	N	
1															1
2															2
3															3
4															4
5															5
6															6
7															7
8															8
9															9
10															10
11															11
12															12
13															13
14															14
15															15
16															16
17															17
18															18
19															19
20															20
	A	B	C	D	E	F	G	H	I	J	K	L	M	N	



Parabakka 3 109 Reykjavík

Kennsla til allra ökuréttinda.
Bífhjólapróf og
almennt ökupróf (B.réttindi).
Einnig kennsla fyrir ensku
og tailenskumælandi fólk !

Aukin ökuréttindi

Kennsla á leigu- vöru og hópbifreið
og vörubifreið með eftirvagn.
Hægt er að hefja nám alla miðvikudaga.
Endurbætt kennsluáðstaða.
Reyndir kennarar og góðir kennslubílar.
Aukið við atvinnumöguleikana.
Hringið eða komið og leitið upplýsinga.

Sími 567-0300

E-mail okusk,mjodd@simnet.is



Gisting

Hótel Edda

Tveggja manna herbergi á verði eins manns. Bókunarfyrirvari er 48 klst. Verð samkvæmt verðlista fyrir eins manns herbergi er kr. 4.500. Morgunverður er ekki innifalinn. Misjafnt er hvenær Edduhótelin opna að sumri til, hafið samband beint við viðkomandi hótél. Framvísa ber stettarfélagsskírteini.

Fosshótel

Tveggja manna herbergi á verði eins manns. Bókunarfyrirvari er 24 klst. Vinsamlega tilkynnið við bókun að um stettarfélagsverð sé að ræða. Morgunverður innifalinn. Verð kr. 5.100 (án baðs) og 7.200 (með baði). Gildistími er misjafn, hafið samband beint við viðkomandi hótél. Framvísa ber stettarfélagsskírteini.

Lykilhótel

Tveggja manna herbergi á verði eins manns. Bókunarfyrirvari er 48 klst. Gildir eingöngu fyrir tveggja manna herbergi. Verð er misjafnt eftir hótélum og tímabilum, hafið samband beint við viðkomandi hótél. Framvísa ber stettarfélagsskírteini.

Stettarfélagstilboð 2001

Reglur

Reglur um bókun eru mismunandi eftir þjónustu.

Hafa samband við

Nánari upplýsingar fást hjá þínu stettarfélagi og á vef ferðanefndarinnar www.di.is/stett.

Framvísa ber stettarfélagsskírteinum!



Flug

Flugfélag Íslands

Félagsmönnum aðildarfélaganna sem og börnum þeirra og mökum er boðinn verulegur afláttur af innanlandsflugi. Sérstakur afsláttur er er veittur fyrir börn og borga þau hálf barnagjald.

Boðið er upp á Pakkaferðir sem byggja á flugi og gistingu í orlofsstöðum stettarfélaganna ásamt annari þjónustu. farmiða er á sölustöðum Flugfélags Íslands. Hægt er að panta farmiða og greiða með greiðslukorti í gegn um síma. Nánari upplýsingar er að finna á vef Flugfélags Íslands, www.flugfelag.is. Munið að framvísa stettarfélagsskírteinum.

Bílaleiga Bílaleigan Geysir

Bílaleigan Geysir býður félagsmönnum verulegan afslátt af ýmsum gerðum bílaleigubíla. Innifalið í tilboðsverðum eru 100 km. á dag, skattur og kaskótrygging.

Höldur – Bílaleiga Akureyrar

Bílaleigan Höldur býður félagsmönnum einnig verulegan afslátt af bílaleigubílum. Innifalið í tilboðsverðum eru 100 km. á dag, skattur og kaskótrygging.

Ævintýra ferðir

BSÍ

Í sumar býðst félagsmönnum aðildarfélaganna sem samið hafa um stettarfélagsverð 25% afsláttur frá listaverði á ákveðnum ferðum með áætlunarbílum frá BSÍ.

Íslenskar Ævintýraferðir

Fyrirtækið Íslenskar ævintýraferðir býður félagsfólki aðildarfélaganna 15% afslátt af sannkölluðum ævintýraferðum ef pantað er innan 24 tíma og staðgreitt.





-ALLAN HRINGINN



Hótel Edda ML - Laugarvatni
Hótel Edda ÍKÍ - Laugarvatni
Hótel Edda - Skógum
Hótel Edda - Kirkjubæjarklaustri
Hótel Edda - Nesjaskóla
Hótel Edda - Neskaupstað
Hótel Edda - Egilsstöðum
Hótel Edda - Eiðum
Hótel Edda - Stórutjörnum
Hótel Edda - Akureyri
Hótel Edda - Þelamörk
Hótel Edda - Húnavöllum
Hótel Edda - Laugarbakka
Hótel Edda - Núpi
Hótel Edda - Laugum
Hótel Edda - Hellissandi

Upplýsingar í síma 5050 910 • Fax 5050 915

www.hoteledda.is



LausnMedia



Tryggðu fjárhaginn til framtíðar með Lífsvalli SPRON

Með því að ráðstafa viðbótarlífeyrissparnaði þínum inn á Lífsvall, tryggir þú þér góða afkomu þegar þú ferð á eftirlaun.

Launþegar geta ráðstafað frá 2% - 4% af heildarlaunum í viðbótarsparnað. Til viðbótar kemur sérstakt mótframlag ríkisins, 0,2%-0,4%.

Betri kjör á efri árum byggjast meðal annars á ákvörðun þinni í dag og því hvetjum við þig til að ganga frá málunum sem fyrst!

Þú færð nánari upplýsingar um Lífsvall á heimasíðu SPRON, í þjónustuveri, sími 550-1400 og hjá þjónustufulltrúum á öllum afgreiðslustöðum SPRON.

 **spron**
www.spron.is